

Landssamband kúabænda

*- Farsælt samstarf íslenskra kúabænda í 17 ár -
Stofnað árið 1986*

Inngangur

Aðalfundur Landssambands kúabænda er nú haldinn í 17. sinn og að þessu sinni í Reykjavík. Dagskrá fundarins er hefðbundin, en auk þess var fenginn fyrirlesarari til að halda erindi á fundinum.

Við viljum þakka stjórnarmönnum, ritarar LK, félagsmönnum og öðrum samstarfsaðilum fyrir ánægjulegt samstarf á starfsárinu sem er að líða.

Borgarfirði í apríl 2003

*Pórólfur Sveinsson
Formaður*

*Snorri Sigurðsson
Framkvæmdastjóri*

EFNISYFIRLIT

Inngangur	1
1. Stjórn og varamenn í stjórn	4
2. Skrifstofa LK	4
3. Skýrslur	4
3.1 Yfirlit yfir helstu störf formanns LK 2001-2002	4
3.2 Skýrsla framkvæmdastjóra	4
4. Afdrif ályktana og tillagna frá aðalfundi LK 2002	7
4.1 Ályktun um nýjan mjólkursamning	7
4.2 Ályktun um stefnumörkun nautgriparæktarinnar	9
4.3 Ályktun um eflingu á þjónustu BÍ við nautgriparékt	9
4.4 Ályktun um endurskoðun á lagaumhverfi landbúnaðarins	10
4.5 Ályktun til stjórnar um mótun reglna varðandi meðhöndlun á greiðslumarki ríkisjarða	10
4.6 Ályktun til stjórnar um rafræna innvigtun mjólkur	10
4.7 Ályktun til stjórnar um tryggingar	11
4.8 Ályktun um nautakjötsmál	13
4.9 Ályktun til stjórnar um framtíð nautgripakjötsframleiðslu	13
4.10 Ályktun um aðalfund LK	17
4.11 Ályktun um fundalaun	17
4.12 Ályktun um laun stjórnarmanna	17
4.13 Ályktun um samræmingu á kjötmati	17
4.14 Ályktun um viðbragðsáætlun	17
4.15 Ályktun um Evrópumál	18
4.16 Ályktun um framkvæmd búvörusamnings	18
4.17 Ályktun til stjórnar um verðlagsáramót	19
4.18 Ályktun um niðurgreiðslur stjórnvalda á ferðakostnaði dýralækna	19
4.19 Ályktun til stjórnar um virkt eftirlit með birgðahaldi dýralyfja	19
4.20 Ályktun um lyfja og dýralæknakostnað	20
4.21 Ályktun til stjórnar um reglur varðandi heimsóknir þjónustuaðila á kúabú	20
4.22 Ályktun um nýtt kjötmat	20
5. Markaðsmál	20
5.1 Mjólkurframleiðsla og -sala	20
5.2 Viðskipti með greiðslumark	21
5.3 Nautakjötsframleiðsla og -sala	21
5.4 Verðlagsnefnd búvara (Frá 1.5.2002)	22
6. Önnur störf	23
6.1 Aðild að stjórnnum, föstum nefndum og samtökum	23
6.2 Tillögur LK til búnaðarþings	25
6.3 Afleysingasjóður kúabænda	28
6.4 Þróunarsjóður nautgriparæktar	29
7. Starfsemi fyrirtækja í eigu LK	29
7.1 Nautastöð Landssambands kúabænda ehf.	29
7.2 Kjötframleiðendur ehf.	29
8. Aðildarfélag LK	29
8.1 Mjólkursamslag Kjalarnesþings	29
8.2 Mjólkurbú Borgfirðinga	30
8.3 Mjólkursamlagið í Búðardal	30
8.4 Mjólkursamslag Ísfirðinga	31
8.5 Nautgriparæktarfélag Vestur Húnavatnssýslu	31

8.6 Félag kúabænda í Austur Húnavatnssýslu	32
8.7 Félag kúabænda í Skagafirði	32
8.8 Búgreinaráð BSE í nautgriparækt	33
8.9 Félag Þingeyskra kúabænda	33
8.10 Félag nautgripabænda á Héraði og Fjörðum	33
8.11 Nautgriparæktarfélag Vopnafjarðar	34
8.12 Nautgriparæktarfélag Austur-Skaftafellssýslu	34
8.13 Félag kúabænda á Suðurlandi	35
Viðauki I – Um Landssamband kúabænda	36
Um stofnun Landssambands kúabænda	36
Formenn, meðstjórnendur og framkvæmdastjórar Landssambands kúabænda frá upphafi.....	36
Viðauki II - Samþykktir Landssambands kúabænda	38
Viðauki III - Átak í nautgriparækt 2002-2007	41
A. Skilgreiningar	41
B. Framkvæmdaáætlun.....	41
1.2. Rannsóknir tengdar umhverfispáttum	42
1.2.2. Hámarksafurðir af sumarreit:.....	42
3.3. Heilsugæsla á kúabúi:.....	44
C. Vinnulag átaksnefndar í framhaldinu	44

Skýrsla stjórnar 2002-2003

1. Stjórn og varamenn í stjórn

Á aðalfundi 2002 voru eftirtaldir menn kjörnir til eins árs í stjórn Landssambands kúabænda:

Formaður:	Dórólfur Sveinsson, Ferjubakka II, Borgarfirði (í stjórn frá 1998)
Varaformaður:	Sigurður Loftsson, Steinsholti Árnassýslu (í stjórn frá 2002)
Ritari:	Kristín Linda Jónsdóttir, Mið-Hvammi, Aðaldal (í stjórn frá 1999)
Gjaldkeri:	Jóhannes Ævar Jónsson, Espihóli, Eyjafjarðarsveit (í stjórn frá 2002)
Meðstjórnandi:	Egill Sigurðsson, Berustöðum, Rangárvallasýslu (í stjórn frá 2000)
Varamenn:	1. varamaður, Gunnar Jónsson, Egilsstöðum 2. varamaður, Skúli Einarsson, Tannstaðabakka

Það sem af er starfsárinu hefur stjórnin haldið alls 6 fundi, ýmist hefðbundna fundi eða símafundi. Samþykktar fundargerðir allra funda eru settar á veraldarvefinn og er hægt að nálgast þær á www.naut.is.

2. Skrifstofa LK

Skrifstofa LK er á Hvanneyri í Borgarfirði. Fundir stjórnar eru oftast haldnir í Reykjavík. Símanúmer á skrifstofu er **437 0210**, en tölvupóstur er **lk@naut.is**. Veffang LK er **www.naut.is**. Þar er m.a. að finna allar fundargerðir stjórnar LK og aðildarféлага, umræður um málefni nautgriparæktarinnar auk ýmissa upplýsinga um nautgriparækt.

3. Skýrslur

3.1 Yfirlit yfir helstu störf formanns LK 2001-2002

Formaður undirbýr og stýrir stjórnarfundum, og sér um úrvinnslu mála ásamt framkvæmdastjóra. Þá kemur hann fram fyrir hönd samtakanna og ákveður ásamt framkvæmdastjóra og öðrum stjórnarmönnum hvernig taka skuli á málum hverju sinni. Eðlilega fylgja formannsstarfinu nokkur nefndastörf og er greint frá þeim hér síðar. Um störf formanns vísast einnig til setningarræðu. Formaður mætti á ellefu fundum með á fjórða hundrað kúabændum haustið 2002. Einnig mætti hann á aðalfundum nokkurra aðildarféлага og ýmsum öðrum fundum þar sem fjallað er um hagsmunamál kúabænda.

3.2 Skýrsla framkvæmdastjóra

Síðastliðið starfsár hefur verið mjög annasamt, þrátt fyrir að það sé styttra en áður hefur verið vegna breytinga á aðalfundatíma. Eðli málsins samkvæmt er starfi mjög fjölbreytt og margbreytileg verkefni sem vinna þarf fyrir kúabændur landsins.

Framkvæmdastjóri situr alla stjórnarfundir LK og Fagráðs í nautgriparækt, auk þess sem að vera fulltrúi félagsins í ýmsum nefndum og vinnuhópum. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu verkefnum. Einnig má benda á kaflann um markaðsmál (kafla 5).

Haustfundir kúabænda. Eins og kunnugt er, var tekin á síðasta ári ákvörðun um að breyta áherslum varðandi fundasókn og í stað þess að sækja aðalfundi allra aðildarfélaganna (sem þess óskuðu) var ákveðið að halda haustfundi þess í stað um allt land. Ástæðan var fyrst og fremst sú að málefni búgreinarinnar eru orðin svo stór þáttur að ekki reyndist unnt að koma að öllum nauðsynlegum upplýsingum á aðalfundum aðildarfélaganna, sem oftast en ekki eru jafnframt upplýsingafundir varðandi afkomu afurðastöðva. Fundasókn á haustfundina var mjög góð að jafnaði, þrátt fyrir að á einstaka stað væri fundasókn dræm. Á fjórða hundrað manns sóttu fundina, þar sem farið var yfir öll helstu málefni sem lúta að nautgriparækt sem og skýrð drög að stefnumörkun nautgriparæktar. Framkvæmdastjóri hefur eðli málsins samkvæmt setið fjölmarga aðra fundi, s.s. fagráðsfundi, búnaðarþing, ráðunautafund, aðalfundi MS, SAM, RM og Osta- og smjöröslunnar.

Átak í nautgriparækt 2002-2007. Í kjölfar síðasta aðalfundar fór í gang töluverð vinna í ráðherraskipaðri nefnd sem fjalla átti um ráðstöfun 35 milljóna átaksfjár sem ætlað var til eflingar á íslenskrum nautgriparækt. Í nefndinni sátu: Ágúst Sigurðsson, ráðunautur BÍ og formaður, Gunnar Sverrisson (Hrosshaga), Ásthildur Skjaldardóttir (Bakka), Jónas Bjarnason (Hagþjónustunni), Grétar Hrafn Harðarson (tilraunastjóri á Stóra Ármóti), Þóroddur Sveinsson (tilraunastjóri á Möðruvöllum), Jón Viðar Jónmundsson (ráðunautur BÍ), Anna Guðrún Þórhallsdóttir (prófessor við LBH) og undirritaður. Nefndin fundaði títt sl. haust og lagði línurnar varðandi það hvernig fjármuninum skyldi varið (sjá viðauka II). Þegar er farið að sækja um styrki í þetta fjármagn sem afar jákvætt.

Markaðsnefnd mjólkuriðnaðarins. Í nefndinni eru: Magnús Ólafsson (formaður) tilnefndur af Osta- og smjöröslunni, Guðlaugur Björgvinsson og Baldur Jónsson, tilnefndir af Mjólkursamsöslunni, Hólmgeir Karlsson tilnefndur af SAM og undirritaður (Kristín Linda Jónsdóttir varamaður). Auk þess sitja flestir varamenn fundi nefndarinnar. Markaðsnefnd mjólkuriðnaðarins ber ábyrgð á markaðsstarfi með ákveðnar mjólkurafurðir og sér um s.k. regnhlífarmarkaðsmál fyrir iðnaðinn, s.s. Beinverndarátakið, Barnamöppuna, námsefni fyrir lífsleikni í grunnskólum, Dreitilsauglýsingar og fleira þessu tengt. Helsta verkefni nefndarinnar undanfarna mánuði hefur þó verið að móta stefnu varðandi skólamjólkurmálefni. Sú stefnumörkun liggur nú fyrir og er þar á ferðinni metnaðarfullt verkefni sem sett verður í gang á þessu ári. Í því felst m.a. að gert verður átak í grunn- og leikskólum landsins þar sem fjölgað verður stórlega kælitækjum, aðgengi að mjólk og fl. því tengt. Þá er verið að vinna að samstarfi mjólkuriðnaðarins og ríkisins um samræmt lýðheilsuáttak í grunnskólum, með það að markmiði að efla heilsu íslenskra ungmenna.

Markaðsmál nautgripaafurða. Á liðnu starfsári fór mikil vinna í markaðsmálin, fyrst og fremst nautakjötsöslumál. Um er að ræða fyrst og fremst afgreiðslu á styrkjum til fyrirtækja sem auglýsa nautgripakjöt, samræmingu aðgerða á markaði og regnhlýfarauglýsingar. Undir síðasta lið falla útgáfur á bæklingum um eldun nautakjöts, auglýsingaherferðir vegna kjöt.is og fleira því tengt. Þá sat undirritaður í vinnuhópi á vegum landbúnaðarráðherra við að skoða leiðir til að styðja við

nautakjötsframleiðslu (sjá umfjöllun um ályktun frá síðasta aðalfundi). Nánar er gerð grein fyrir markaðsmálum í kafla fimm.

Merkingar nautgripa. Eins og fram kom í síðust starfsskýrslu lauk nefndin störfum sl. vor og í framhaldinu hefur undirritaður starfað í nefnd sem vinnur að því að koma verkefninu af stað. Vinnuhópur allra aðila málsins (LK, BÍ, Yfirdýralæknis, Landbúnaðarráðuneytis og Landssamtaka slátuleyfshafa) hefur fundað reglulega og er í dag útlit fyrir að tölvukerfið, pöntunarkerfi merkja og innskráning verði tilbúin á réttum tíma, þ.e. í haust.

Ráðunautanámskeið í Danmörku. Sl. haust sá undirritaður um námskeið í Danmörku fyrir íslenskt fagfólk í nautgriparækt. Að undirbúningi komu einnig Gunnar Guðmundsson frá BÍ, Runólfur Sigursveinsson frá BSSL, Bjarni Guðmundsson frá Framleiðnisjóði og Helgi Björn Ólafsson frá LBH. Námskeiðið var framkvæmt af dönsku ráðgjafafjónustunni, styrkt af Framleiðnisjóði og tókst í alla staði vel.

Hönnunarhópur kennslu- og rannsóknarfjóss Landbúnaðarháskólans. Í hópnum sitja auk undirritaðs: Torfi Jóhannesson (LBH), Eiríkur Blöndal (RALA) og Magnús Sigsteinsson (BÍ). Þessi hópur hefur lítið hittst undanfarið enda fjósið fullhannað. Þó hefur undirritaður verið kvaddur til nokkrum sinnum við yfirferð teikninga og ráðgjöf. Fjósið er nú í útboði og er ráðgert að framkvæmdir geti hafist í maí og verður fjósið afhent fullbúið næsta sumar.

www.naut.is. Á liðnu starfsári fór töluverð vinna í heimasíðu LK. Síðan er ávalt að verða betri varðandi upplýsingar um ýmsa hagsmunarætti er lúta að nautgriparækt. Frá síðasta aðalfundi hafa eftirfarandi nýjir liðir komið á vefinn: upplýsingar um dýralyf (verð, gerðir, notkun ofl) og upplýsingar um kjarnfóður (efnainnihald og verð). Þá hefur gengið ágætlega að ná fram umræðum á “Kýrhausnum” og er það vel. Vinna við vefinn er gríðarlega tímafrek og ekki síst tímabindandi og tekur umtalsverðan tíma starfsmanna LK.

Agromek 2003. Í janúar sl. fór undirritaður fyrir hópi kúa- og svínabænda, auk ýmissra þjónustuaðila greinanna beggja, á Agromek 2003 landbúnaðarsýninguna í Herning á Jótlandi. Þetta var fimmta árið í röð sem undirritaður er fararstjóri í slíkri ferð og að þessu sinni fóru tæplega 70 í þessa ferð og eru þátttakendur í þessum ferðum nú komnir upp fyrir 300. Auk sýningarinnar voru danskir kúabændur sóttir heim ásamt nokkrum fyrirtækjum og stofnunum.

Kennsla við LBH. Á liðnu skólaári kenndi ég lítillega við LBH, bæði í bænda- og háskóladeildum. Fyrst og fremst var um kennslu í félagskerfi nautgriparæktar og markaðsmálum greinarinnar, en einnig lítillega í bótækni.

Eins og áður hefur komið fram er hér enganvegin um tæmandi yfirlit að ræða, heldur stiklað á stóru. Einnig má benda á yfirlit Þórólfs í kafla 3.1 og setningarræðu, en störf okkar beggja tengjast eðlilega mjög mikið.

*Hvanneyri, 1. apríl 2003
Snorri Sigurðsson*

4. Afdrif ályktana og tillagna frá aðalfundi LK 2002

4.1 Ályktun um nýjan mjólkursamning

Aðalfundur Landssambands kúabænda, haldinn að Laugum í Sælingsdal 20.-21. ágúst 2002, leggur mikla áherslu á að sem fyrst verði gerður nýr samningur um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar, með gildistöku 1.9.2005.

Greinargerð:

Núgildandi samningur um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar var gerður í desember 1997 og gildir fyrir tímabilið frá 1.9.1998 til 31.8.2005.

Í samningnum segir:

“Að fjórum árum liðnum frá upphafi gildistíma samningsins skulu samningsaðilar kanna framkvæmd hans og í framhaldi af þeirri könnun hefja viðræður um áframhaldandi stefnumótun og gerð nýs samnings. Við þá vinnu skal m.a. lagt sérstakt mat á stöðu kvótakerfisins og hvort, hvernig og þá hvenær leggja á það niður og hvað taki þá við”.

Samkvæmt þessu ákvæði samningsins á vinna við könnun á framkvæmd samningsins að hefjast í haust og í framhaldi af þeirri könnun skal hefja vinnu við gerð nýs samnings. Nú hafa Landssamband kúabænda og Bændasamtök Íslands óskað formlega eftir því að þessu ferli verði nokkuð flýtt og að því stefnt að nýr samningur liggi fyrir á þessu ári.

Í samningi bænda við ríkisvaldið er samið um stuðning ríkisins við mjólkurframleiðsluna, tollvernd, og helst leikreglur framleiðslustýringar í greininni, en þetta eru grundvallaratriði fyrir bændur í allri ákvarðanatöku sinni og að sjálfsögðu skiptir það nautgriparæktina mjög miklu máli að hafa á hverjum tíma sem skýrasta framtíðarsýn.

Margt virðist óljóst varðandi starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar á komandi árum. Þannig ríkir veruleg óvissa um hvernig staðið verður að heildsöluverðlagning mjólkurvara eftir 30. júní 2004 og hvaða áhrif áformuð niðurfelling opinberrar verðákvörðunar hefur á stöðu mjólkuriðnaðarins gagnvart samkeppnislögum. Í því sambandi er mikilvægt að ljóst sé hvaða möguleika mjólkuriðnaðurinn hefur á verkaskiptingu sín í milli með þeirri hagræðingu sem því getur fylgt.

Þá er óvissa er um þróun WTO samninga og því óljóst um áhrif þeirra varðandi stuðning við landbúnað. Einnig fer nú fram víðtæk umræða um landbúnaðarstefnu Evrópusambandsinsins. Allt þetta eykur þá óvissu sem íslenskir mjólkurframleiðendur standa frammi fyrir þegar núgildandi samningur um starfsskilyrði rennur út.

Lögð er áhersla á að samningurinn verði framlengdur óbreyttur hvað varðar stuðning við mjólkurframleiðsluna og tollvernd. Sama gildir um leikreglur framleiðslustýringar, en fundurinn telur ástæðu til að skoðaðar verði eftirfarandi breytingar:

- ❖ *Viðskiptahættir með greiðslumark verði teknir til skoðunar, en viðskipti með greiðslumark verði áfram heimil.*
- ❖ *Sveigjanleiki við verðlagsáramót verði aukinn.*
- ❖ *Heimilaður verði samrekstur greiðslumarkshafa þannig að hægt sé að nýta greiðslumark eins lögbýlis að öllu leyti með framleiðslu á öðru lögbýli.*

Sett verði ákvæði í samninginn um að nefnd samningsaðila geti gert breytingar innan rammans, ef um það næst full samstaða. (Samningsaðilar eru: Landbúnaðarráðneyti, Fjármálaráðneyti, Landssamband kúabænda og Bændasamtök Íslands). Með þessu fyrirkomulagi væri óvissu kúabænda að mestu eytt og jafnframt haldið opnum þeim möguleika að gera breytingar innan rammans ef samningsaðilar verða sammála um það.

Það kom í ljós á haustdögum að ekki voru tók á að ná nýjum mjólkursamningi í gegn í vetur eins og vonir stóðu til og fram kemur í þessari ályktun. Samninganefnd bænda var skipuð, en í henni eru: Ari Teitsson, Eggert Pálsson, Egill Sigurðsson, Þórarinn Leifsson og Þórólfur Sveinsson.

Snemma vetrar óskaði Alþýðusamband Íslands eftir aðkomu að samningi ríkisins um málefni mjólkurframleiðslunnar. Eftir viðræður landbúnaðarráðherra við aðila vinnumarkaðarins, ákvað ráðherra að skipa, "nefnd sem fjalla á um framkvæmd á 9. grein samnings ríkisstjórnar Íslands og Bændasamtaka Íslands um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar. Hlutverk nefndarinnar verður að kanna framkvæmd ofangreinds samnings og gera tillögur um stefnumótun fyrir greinina". Nefndina skipa: Guðmundur B. Helgason, landbúnaðarráðuneytinu, formaður, Ólafur Friðriksson, landbúnaðarráðuneytinu, varaformaður, Þórhallur Arason, fjármálaráðuneytinu, Ari Teitsson, Bændasamtökum Íslands, Eggert Pálsson, Bændasamtökum Íslands, Þórólfur Sveinsson, Landssambandi kúabænda, Egill Sigurðsson, Landssamband kúabænda, Pálmi Vilhjálmsson, Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði, Stefán Úlfarsson, Alþýðusambandi Íslands, Ari Edwald, Samtökum atvinnulífsins, Elín Björg Jónsdóttir, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Þá aðstoða þau Snorri Sigurðsson, LK, og Erna Bjarnadóttir, BÍ, nefndina. Auk þess Kristjana Axelsdóttir, landbúnaðarráðuneytinu, sem er ritari nefndarinnar.

Nefnin hefur nú haldið tvo fundi. Þess er vænst að starfi hennar ljúki á árinu 2003 og þá taki við hinar eiginlegu samningaviðræður milli bænda og ríkisvaldsins. Þetta ferli er nánast endurtekning á aðdraganda þess mjólkursamnings sem undirritaður var í desember 1997.

Nokkrar ályktanir hafa borist frá aðildarfélögum, um samningamálin og er þar undantekningarlaust um að ræða stuðningsyfirlýsingu við þá stefnu sem Landssamband kúabænda mótaði í þessu máli á aðalfundi 2002. Almennt virðist ríkja skilningur á nauðsyn þess að mjólkurframleiðslan geti þróast áfram með hliðstæðum hætti og verið hefur undangengin ár. Hvort sú nýja lota í viðræðum á vegum WTO breytir möguleikum stjórnvalda til að styðja greinina liggur ekki fyrir. Í viðræðunum er að

Þessu sinni m.a. fjallað um takmarkanir á leyfilegum aðgerðum stjórnvalda í hverju aðildarlandi samningins til að styðja sinn landbúnað, og stefnt að frjálsara flæði búvara milli landa. Niðurstaða liggur ekki fyrir og ljóst að verulegur ágreiningur er á milli þeirra ríkja sem mestu munu ráða um niðurstöðuna. (Minnir að ýmsu leyti á GATT-lotuna fyrir áratug eða svo). Miklu skiptir að átta sig á að:

- ◆ Aðild Íslands að samningnum og afleiðingar/áhrif hans á Íslandi eru á ábyrgð íslenskra stjórnvalda.
- ◆ Áætlað er að þessari lotu samninganna ljúki árið 2005, en óvíst er hvort það næst. Þá hefst væntanlega aðlögunarferli sem aðildarlönd samningsins þurfa að hlýta, talað er um 5 ár sem almenna aðlögun.
- ◆ Aðlögun er þá fyrst tímabær þegar skrifað hefur verið undir endanlegan samning. Bara atriði eins og hugsanleg undanþága fyrir einangruð smáríki til að styðja framleiðslu fyrir heimamarkað, gæti gerbreytt forsendum okkar, t.d. varðandi nautgripæræktina. Slík undanþága er möguleg alveg fram til loka viðræðnanna. Munum eftir “íslenska ákvæðinu” og Kýótó-samkomulaginu.
- ◆ Niðurstaðan í WTO-viðræðunum getur knúið á um breytingar, raunar mjög miklar breytingar. Við megum hins vegar ekki draga kjarkinn úr bændum og öðrum sem málinu tengjast, það drepur landbúnaðinn innan frá.
- ◆ Íslensk stjórnvöld og hagsmunasamtök í landbúnaði eiga að halda ró sinni þar til endaleg niðurstaða liggur fyrir í viðræðunum. Þegar niðurstaða er fengin, verði brugðist við með það að markmiði að hér geti áfram þrífist lífvænlegur landbúnaður.

Í tengslum við þessi samningamál hafa að sjálfsögðu verið ýmsar óformlegar viðræður við stjórnvöld og fleiri aðila. Samskipti við stjórnvöld í tengslum við þessi mál hefur verið með ágætum og afstaða þeirra til kúabænda og nautgripæræktarinnar eins og hún hefur birst í þessum viðtölum, er mjög jákvæð.

4.2 Ályktun um stefnumörkun nautgripæræktarinnar

Aðalfundur Landssambands kúabænda, haldinn að Laugum í Sælingsdal 20.-21. ágúst 2002, felur stjórn að vinna áfram að stefnumörkun fyrir nautgripæræktina. Byggt verði á RANNÍS-skýrslunni, innsendum athugasemdum og þeirri vinnu sem unnin hefur verið nú þegar. Málið verði síðan tekið fyrir á næsta aðalfundi.

Eftirtaldir aðilar hafa unnið að gerð stefnumótunarinnar sem stjórnarmenn í Landssambandi kúabænda eða fulltrúar þess í Fagráði nautgripæræktar: Birgir Ingþórsson, Uppsölum, Egill Sigurðsson, Berustöðum, Gunnar Sverrisson, Hrosshaga, Jóhannes Jónson, Espihóli, Kristín Linda Jónsdóttir, Miðhvammi, Sigurður Loftsson, Steinsholti, Þórarinn Leifsson, Keldudal, Þórólfur Sveinsson, Ferjubakka II.

Þá hefur Bernhard Þór Bernhardsson, lektor við Viðskiptaháskólann á Bifröst lesið yfir drög yfir drög að stefnumörkuninni og gefið góð ráð. Einnig hefur Snorri Sigurðsson unnið að verkinu. Drög að stefnumótuninni voru kynnt á fundum kúabænda haustið 2002 og hafa einnig verið send til formanna og aðalfundarfulltrúa Landssambands kúabænda. Afgreiðsla stefnumótunarinnar verður helsta viðfangsefni aðalfundar Landssambands kúabænda 2003.

4.3 Ályktun um eflingu á þjónustu BÍ við nautgripærækt

Aðalfundur Landssambands kúabænda, haldinn að Laugum í Sælingsdal 20.-21. ágúst 2002, leggur áherslu á að Bændasamtök Íslands efli þjónustuna við nautgriparæktina með hliðsjón af hlutdeild hennar í verðmætum búvöruframleiðslunnar, t.d. með því að nýta fagstofnanir landbúnaðarins og einkaaðila.

Jafnframt ítrekar fundurinn fyrri ályktanir um mikilvægi þess að sameina leiðbeiningaþjónustuna þannig að allir kúabændur sitji við sama borð.

Ályktunin send til Bændasamtaka Íslands og Framleiðnisjóðs landbúnaðarins. Sjá einnig tillögur Landssambands kúabænda til búnaðarþings.

4.4 Ályktun um endurskoðun á lagaumhverfi landbúnaðarins

Aðalfundur Landssambands kúabænda, haldinn að Laugum í Sælingsdal 20.-21. ágúst 2002, telur nauðsynlegt að endurskoða allt lagaumhverfi landbúnaðarins vegna þeirra breytinga sem eru að verða á eignarhaldi og rekstrarformi í búgreininni, þar sem það er í auknum mæli að færast í hendur lögaðila. Þá telur fundurinn óeðlilegt að Lánasjóður landbúnaðarins sé skyldaður til að krefjast 1. veðréttar í eignum sem veðsettar eru vegna óniðurgreiddra lánveitinga.

Þetta mál var rætt við landbúnaðarráðherra og einnig fóru formaður og framkvæmdastjóri LK til fundar við landbúnaðarnefnd Alþingis þar sem þetta var rætt. Landbúnaðarráðherra hefur nú lagt fram frumvörp að breyttum jarða og ábúðarlögum. Frumvörpin eru aðgengileg á vefnum www.althingi.is. Við fljótan yfirlestur virðast felast í frumvörpunum verulegar breytingar. Þá var þetta mál var lagt fyrir Búnaðarþing sem vísaði því til stjórnar BÍ, fyrst og fremst vegna þess að frumvörp ráðherra eru komin fram. Stjórn BÍ hefur nú skipað þriggja manna nefnd sem á að fara yfir framkomin frumvörp fyrir haustið.

4.5 Ályktun til stjórnar um mótun reglna varðandi meðhöndlun á greiðslumarki ríkisjarða

Aðalfundur Landsambands kúabænda, haldinn að Laugum í Sælingsdal 20.-21. ágúst 2002, beinir því til stjórnar LK að hún hlutist til um að mótaðar verði skýrar reglur um meðhöndlun greiðslumarks ríkisjarða, falli framleiðsla þar niður við lok ábúðar eða með öðrum hætti.

Erindinu var komið á framfæri við landbúnaðarráðherra. Ekki verður annars vart en að fullur vilji sé til að setja umræddar reglur.

4.6 Ályktun til stjórnar um rafræna innvigtun mjólkur

Aðalfundur Landsambands kúabænda, haldinn að Laugum í Sælingsdal 20.-21. ágúst 2002, beinir því til stjórnar Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði að beita sér fyrir því að öll mjólk frá framleiðendum sé innvigtuð með rafrænum hætti við dælingu í mjólkurbíl.

Erindinu komið á framfæri við SAM. Í rafrænni skráningu felst að númer framleiðandans er stimplað inn í tölvu bílsins, magn mjólkur og hitastig mælist sjálfkrafa og skráist sjálfkrafa á það númer sem stimplað var inn í tölvuna. Þegar bíllinn kemur í mjólkursamlag millifærast tölurnar rafrænt inn í tölvu mjólkursamlagsins. Í flestum tilfellum er samt hægt að leiðrétta tölurnar, það getur t.d. reynst nauðsynlegt þegar bíll hefur drepíð á sér. Engu að síður eru til gögn sem sýna hverjar upprunalegu tölurnar eru. Í flestum tilfellum skrá mjólkurbílstjórar innvigtunartölur framleiðenda á miða í bílnum til öryggis. Í dag er slík skráning viðhöfð við innvigtun mjólkur hjá Mjólkursamsölunni í Reykjavík, Mjólkursamlagi KS, Norðurmjólk og Mjólkurbúi Flóamanna. Þau mjólkursamlög sem ekki hafa rafræna skráningu ennþá eru Mjólkursamlagið í Búðardal, Mjólkursamlag Ísfirðinga, Mjólkursamlag Húnvetninga, Mjólkursamlag Vopnfirðinga og Mjólkurstöðin á Egilsstöðum. Flest þessara samlaga eru með á þrjónunum að taka upp rafræna skráningu innan tíðar.

4.7 Álytkun til stjórnar um tryggingar

Aðalfundur Landsambands kúabænda, haldinn að Laugum í Sælingsdal 20.-21. ágúst 2002, beinir því til stjórnar LK að kanna hagkvæmni þess að bjóða út tryggingar vegna stóráfalla hjá kúabændum á frjálsum markaði en á móti komi að búnaðargjald til Bjargráðasjóðs verði fellt niður.

Ákveðið var að framkvæmdastjóri og varaformaður skyldu afla nauðsynlegra gagna fyrir stjórn og leiti enn fremur samstarfs BÍ í því sambandi. Ályktað var um sama mál á Búnaðarþingi 2002. Erna Bjarnadóttir skilaði greinargerð til Búnaðarþings 2003 um málið og fer sú greinargerð hér á eftir:

Minnisblað um mál nr. 38, Bjargráðasjóður

Á Búnaðarþingi 2002 var meðal annars samþykkt eftirfarandi tillaga:

“Búnaðarþing 2002 beinir því til stjórnar BÍ og búgreinafélaga að kanna hvort hagkvæmt sé að leggja af Bjargráðasjóð í núverandi mynd. Jafnframt kanni stjórnirnar hvort hægt sé að fá sambærilegar eða betri tryggingar með öðrum hætti.”

Á stjórnarfundum BÍ þann 19. mars sl. var Ernu Bjarnadóttur falið að kanna, í samráði við Birgi L. Blöndal starfsmann Bjargráðasjóðs, hvaða valkostir um tryggingar séu í boði. Búgreinafélögunum verða enn fremur sent erindi vegna málsins.

Í framhaldi af áðurgreindum samþykktum var leitað til Birgis L. Blöndal starfsmanns Bjargráðasjóðs um samstarf við skoðun á málinu.

Í viðræðum við Birgi um málið kom fram að stjórn Bjargráðasjóðs hafði óskað eftir að kannaðar yrðu bótareglur vegna tjóna í landbúnaði í öðrum löndum. Vinna við þessi verkefni hefur því að verulegu leyti átt samleið, en gagna hefur aðallega verið aflað frá Noregi. Undirrituð og Birgir hafa haldið 4 fundi á árinu að meðtöldum fundi þar sem fulltrúar tryggingafélaganna VÍS og Sjóvár-Almennra komu til að fjalla um stöðuna.

Bjargráðasjóður skiptist í tvær deildir:

Almenn deild:

Framlög til almennu deildarinnar koma frá sveitarfélögum, ríki og af vaxtatekjum sjóðsins og er hlutverk hennar skv. 8. gr. laga um Bjargráðasjóð er að bæta meiriháttar tjón af völdum náttúruhamfara:

Á gjaldskyldum fasteignum samkvæmt skilgreiningu laga um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. lög um Fasteignamat ríkisins, landssvæðum, götum og gangstéttum sveitarfélaga og girðingum túnnum og rafmagnslínnum sem tengjast landbúnaði.

Á vélum, tækjum, heyi og áhöldum sem notuð eru við landbúnaðarframleiðslu og/eða við starfsemi sveitarfélaga.

Vegna grasbrests, óvenjulegra kulda, þurrka óþurrka og kals.

Rekstrarkostnaður sjóðsins greiddist úr almennu deildinni.

Búnaðardeild:

Hefur tekjur sínar af búnaðargjaldi en jafnframt rennur hluti af framlagi sveitarfélaga til deildarinnar (ca. 7 millj. kr á ári). Hlutverks deildarinnar skv. 9. gr. laga um Bjargráðasjóð er að bæta meiri háttar tjón hjá einstaklingum og félögum á búfé og afurðum búfjár og uppskerutjón á garðávöxtum vegna sjúkdóma, óvenjulegs veðurfars og slysa þegar ásetningi eða gáleysi eiganda eða umsjónarmanns verður eigi um kennt og eðlilegar varnir hafa verið viðhafðar.

Staðan gagnvart tryggingafélögum

Tjónasaga ekki þekkt t.d. vegna reglna um eigin áhættu en ekki eru öll tjón tilkynnt til Bjargráðasjóðs.

Tryggingafélögin virtust á fundi í vor vera treg til að leggja í vinnu og kostnað við að meta t.d. iðgjöld nema ákvörðun lægi fyrir að leggja sjóðinn niður, þar sem skortur er á upplýsingum t.d. vantar tjónasögu.

Tryggingafélögin benda jafnframt á að mögulegt sé að Bjargráðasjóður geti keypt umframskaðavernd.

Tryggingafélögin telja að núverandi fyrirkomulag henti að mörgu leyti vel til að bæta tjón í landbúnaði. En vakin er athygli á að vegna sjúkdóma t.d. í alifuglum og svínum geta orðið mjög stór tjón sem Bjargráðasjóður ræður ekki við.

Erlendis t.d. í Noregi þekkist að hið opinbera stendur að starfrækslu sjóða sem líkja má við Bjargráðasjóð og eru að mestu fjármagnaðir af opinberu fé. Í Noregi bjóða tryggingafélög bændum hins vegar t.d. sjúkdómatryggingar. Hlutverk áðurnefndra sjóða er fyrst og fremst að greiða bætur þegar um sérstök tjón er að ræða s.s. af völdum geislaengunar, lögskipaðs niðurskurðar við búfjárjúkdómum auk þess að greiða framleiðslustyrki vegna niðurskurðar (stór áföll sem tryggingafélög taka ekki á). Í Kanada og Bandaríkjunum niðurgreiðir ríkið iðgjöld vegna trygginga sem bændur kaupa vegna þeirra áhættuþátta sem í Noregi falla undir Bjargráðasjóði.

Almenna deild Bjargráðasjóðs bætir m.a. kaltjón. Ef bændur þyrftu að kaupa tryggingar á þessu sviði myndi þýða mjög há iðgjöld fyrir bændur á þeim svæðum þar sem áhætta er mest.

Aðkoma ríkisins að sjóðnum gefur ákveðna baktryggingu – kemur inn þegar stórtjón verða, t.d. kaltjón sem greidd eru úr almennu deild sjóðsins

Til frekari umhugsunar/skoðunar

Þetta yfirlit verður að skoðast sem forkönnun á flóknu máli. Bótareglur tjóna í landbúnaði hafa verið að þróast á löngum tíma og eru háðar breytingum á aðstæðum hverju sinni. Mikilvægt er að yfirfara allar mögulegar leiðir sem færar eru til að koma að tjónum og í því sambandi skoða hvernig þær falla að samkeppnissjónarmiðum, jafnræðisreglum, reglum sem gilda í milliríkja viðskipum og hvernig þær koma framleiðendum búvöru sem best að notum.

Óskir Búnaðarþings 2002 voru að kanna málið, sem hefur að ákveðnum marki verið gert og bent er á mörg atriði sem málið varða.. Ef málið verður skoðað nánar er

eðlilegt að hagsmunaaðilar skipi vinnuhóp sérfróðra aðila til að gera tillögur um framtíðarskipulag bótareglna í landbúnaði.

Þess má geta að með því að leggja niður búnaðardeild skapast ákveðin áhætta á að almenna deildin innan Bjargráðasjóðs verði jafnhliða lögð niður. Almenna deild Bjargráðasjóðs er fjármögnuð af sveitarfélögum, ríkissjóði og með vaxtatekjum Bjargráðasjóðs, en nær allar útgreiðslur deildarinnar renna til bænda.

Með vaxandi áherslu á grænar greiðslur og kröfur um að draga úr markaðsstuðningi innan WTO kann starfræksla sjóðs eins og Bjargráðasjóðs að skapa tækifæri til að fella (aukinn) hluta að opinberum stuðningi í þennan farveg sem þá væri undanþeginn niðurskurði.

Gallar í gildandi kerfi eru að:

Bjargráðasjóður getur átt í erfiðleikum með að bæta stóráföll t.d. í alifugla- og svínarækt

Ekki er samræmi í bótareglum Bjargráðasjóðs og annarra bóta t.d. sem ríkið greiðir vegna lögbundins niðurskurðar við búfjárskjúddómum.

Ekki er nægilega vel skilgreint hvernig tjón í landbúnaði verða bætt og þar af leiðandi ekki ljóst hvað er bætt og hvað ekki.

Reykjavík 20. febrúar 2003

Erna Bjarnadóttir

Stjórn LK ákvað á fundi sínum 25. mars að leggja ályktun um málið fyrir aðalfund LK 2003.

4.8 Ályktun um nautakjötsmál

Aðalfundur Landssambands kúabænda, haldinn að Laugum í Sælingsdal 20.-21. ágúst 2002, lýsir óánægju sinni með að ekki skuli hækkað verð á bestu flokkum kýrkjöts og nautakjöts. Líkt og spáð var í vor er framboð nú mjög lítið og lýsir aðalfundurinn furðu sinni á því að lögmál framboðs og eftirspurnar skuli ekki gilda í viðskiptum með nautgripakjöt.

Fundurinn krefst þess að sláturleyfishafar endurskoði verð til bænda, þar sem um allnokkurt skeið má ætla að skilaverð til bænda standi ekki undir framleiðslukostnaði.

Ákveðið að senda ályktunina til Landssamtaka sláturleyfishafa og Landbúnaðarráðuneytisins. Ekki þarf að rekja hversu hörmulegt ástand er á kjötmarkaðnum.

4.9 Ályktun til stjórnar um framtíð nautgripakjötsframleiðslu

Aðalfundur Landssambands kúabænda, haldinn að Laugum í Sælingsdal 20.-21. ágúst 2002, beinir því til stjórnar LK að leita leiða, í samstarfi við landbúnaðarráðuneytið, til að tryggja áframhaldandi nautgripakjötsframleiðslu í landinu.

Í framhaldi af þessari ályktun var skipaður starfshópur til að fara yfir stöðuna og skila hugmyndum um leiðir til úrbóta. Hópurinn skilaði eftirfarandi „Minnisblaði um málefni nautgripjötisframleiðslunnar á Íslandi 2002“:

Formáli

Með bréfi dagsettu 10. septemur sl. óskaði Landssamband kúabænda eftir því við landbúnaðarráðherra að skipaður yrði vinnuhópur til að fara yfir stöðu nautgripakjötisframleiðslu á Íslandi og gera tillögur til úrbóta. Landbúnaðarráðherra varð við þessari ósk og sitja í vinnuhópnum Ólafur Friðriksson, deildarstjóri í landbúnaðarráðuneytinu, Snorri Sigurðsson, framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda og Snorri Örn Hilmarsson nautgripabóndi að Sogni í Kjós. Einnig naut vinnuhópurinn aðstoðar Runólfs Sigursveinssonar, héraðsráðunautar á Suðurlandi, við útreikninga á framleiðslukostnaði nautgripakjötis.


Framleiðsla nautgripakjötis 2001

Framleiðsla nautgripakjötis árið 2001 nam 3.683 tonnum og þar af voru framleidd 125 tonn af hágæðakjöt (UN I Ú). Stærsti hluti nautgripakjötisframleiðslunnar kemur frá kúabúum með mjólkurframleiðslu, en ætla má að á bilinu 30-40 bændur stundi nautgripakjötisframleiðslu sem aðalbúgrein og áætlað er að langstærsti hluti þess kjötis sem kemur frá þeim bændum sé sk. hágæðakjöt (UN I Ú). Flestir þeirra bænda byggja framleiðslu sína á holdagripum og í árslok 2001 voru til á Íslandi 1.072 holdakýr (Galloway, Aberdeen Angus eða Limósín) á 166 kúabúum.

Staðan í dag

Síðastliðin ár hefur afurðaverð nautgripakjötis til bænda lækkað mjög mikið og hefur nú um hríð verið verulega undir framleiðslukostnaði¹ og telja má fullvíst að hratt stefnir í gjaldþrot greinarinnar ef ekkert verður að gert. Með því myndi ræktun núverandi holdakynja hverfa þar sem ekki er sjáanlegur grundvöllur til að halda holdakýr í þeim mæli sem nú er. Miklu hefur verið kostað til af hinu opinbera undanfarna áratugi til að koma upp þessum stofnum.

Þrátt fyrir stöðugar lækkarnir á afurðaverði nautgripakjötis til bænda, hefur verð á nautgripakjötinu til neytenda hækkað verulega á sama tíma (sjá línurit 1).



Línurit 1. Þróun verðs á nautgripakjöti, annarsvegar til bænda og hinsvegar til neytenda. Árið 1997 er sett sem 100. Benda má á að árið 1997 var frjáls álagning á heildsölustigi ekki heimil, en tók gildi árið 1998. Allar tölur eru á verðlagi hvers árs. Heimildir: Hagstofa Íslands og Bændasamtök Íslands.

Leiða má að því líkum að ástæður þess að verð til bænda hefur stíglækkað ár frá ári séu fyrst og fremst vegna mikillar samkeppni við annað kjöt á markaðinum, sérstaklega kjöt sem framleitt er að mestu með innfluttu fódri. Nautgriparkjötsframleiðslan byggir hinsvegar að mestu á innlendri fódurframleiðslu sem er eðli málsins samkvæmt dýrari en fódurkostnaður erlendis m.a. vegna legu landsins. Einnig breyttust verðforsendur er heildsöluverðlagning var gefin frjáls 1998 og stórir innkaupahéðnar fóru að geta ýtt verðunum til afurðastöðva niður. Þá hefur takmarkaður aðgangur að erfðaeftni hamlandi áhrif á afurðagetu stofnsins. Á sama tíma hefur dilkakjöt notið opinbers stuðnings en nautgripakjöt ekki. Í dag er nautgripakjötsframleiðslan á Íslandi eina nautgripakjötsframleiðslan innan landa EES-svæðisins sem ekki nýtur opinbers stuðnings.

Hugmyndir vinnuhópsins um úrlausn:

Hugmynd 1: Gripastuðningur. Hámark 32 m. kr.

Greiddur verði beinn stuðningur á hverja skráða holdakú í landinu. Gripastuðningur deilist jafnt á allar holdakýr, þó að hámarki kr. 40.000,- á hverja kú. Það er mat vinnuhópsins að styrkur sem þessi myndi tryggja nautakjötsframleiðslu sem sjálfstæða búgrein á Íslandi, þar sem sú búgrein byggir fyrst og fremst á ræktun þeirra holdakynja sem flutt hafa verið til landsins.

Ef þessi leið væri farin myndi það vera 29.851 kr. á holdakú, m.v. fjölda holdakúa árið 2001.

Beinn stuðningur á hverja skráða holdakú hefur ekki áhrif á skuldbindingar Íslands gagnvart WTO.

Hugmynd 2: Gæðagreiðslur. Hámark 13 m. kr.

Greiddur verði beinn stuðningur á hvern grip sem flokkast í UNI Ú A og UNI Ú B. Gæðagreiðslan deilist jafnt á alla gripi sem þannig flokkast, þó verði hámarksgræiðsla kr. 25.000,- á hvern grip. Með gæðagreiðslum er stuðlað að framleiðslu á hágæðanautakjöti, sem fyrst og fremst er í samkeppni við innflutt nautakjöt. Miðað við slátrun sl. 12 mánuði (31. október 2001-1. nóvember 2002) myndu gæðagreiðslur á hvern grip nema kr. 23.679,-.

Reykjavík, 8. janúar 2003

Ólafur Friðriksson

Snorri Örn Hilmarsson

Snorri Sigurðsson

Á stjórnarfundum Landssambands kúabænda 26.2. 2003 var síðan gerð eftirfarandi samþykkt um málið: “Stjórn Landssambands kúabænda telur mjög brýnt að stjórnvöld styðji nú þegar nautakjötsframleiðslu á Íslandi og tryggi þar með aðgengi íslenskra neytenda að innlendu nautakjöti. Í því sambandi er vísað til minnisblaðs um málefni nautakjötsframleiðslunnar frá 8. janúar 2003 og ályktunar aðalfundar Landssambands kúabænda í ágúst 2002.

Stjórnin leggur til að stuðningurinn verði kr.: 50.000.000,- ár hvert, árin 2003, 2004 og 2005 og greiðist á föll, tengt gæðum. Hluta fjármunanna verði jafnframt varið

til að treysta gæði og bæta gæðaímynd íslensks nautakjöts í samvinnu við Landssamband kúabænda. Stuðningurinn verði greiddur til bænda tvisvar á ári.”

Áður en þessi samþykkt var gerð höfðu hugmyndir vinnuhópsins sem skilaði 8.1.2003, verið kynntar fyrir formönnum og aðalfundarfulltrúum Landssambands kúabænda í gegnum tölvupóst. Talsvert viðbrögð urðu og var það mat nánast allra að óhjákvæmilegt væri að styrkja þessa grein ef hún ætti að eiga lífsmöguleika. Í hugmyndum vinnuhópsins var gert ráð fyrir tvenns konar stuðningi. Greiðslum á gripi (holdakýr) og greiðslum á afurðir.

Það er ekkert því til fyrirstöðu að greiða á afurðir af skilgreindum gæðum. Það liggja allar upplýsingar fyrir sem nauðsynlegar eru í því sambandi.

Að því er varðar greiðslur á gripi er ekki sömu sögu að segja. Hugtakið holdakýr á sér enga skýrt skilgreinda merkingu í íslensku máli. Hugtakið er notað í forðagæsluskýrslum og þá þannig að eigendur kúa skilgreina sjálfir hvað telst holdakýr og hvað telst mjólkurkýr. Holdakýr geta því verið af hvaða því kúakyni sem til er í landinu og hvaða blanda þessara kynja sem vera skal. Jafnframt geta þær verið svo margar sem viðkomandi bóndi telur vera. Á þetta bentu margir bændur í svörum sínum.

Af þessu er augljóst að hugtakið holdakýr á forðagæsluskýrslu er ónothæfur greiðslugrunnur fyrir stuðning við þessa framleiðslugrein.

Þá kom það fram bæði hjá stjórnarmönnum Landssambands kúabænda og fleirum að ástæða væri til að efla gæðaímynd nautakjötsins almennt og voru ýmsar leiðir nefndar í því sambandi. Má þar t.d. nefna framleiðslusamninga og markaðssetningu á sérstöku gæðakjöti til neytenda. Eftir er að úrfæra þessar hugmyndir nánar en ljóst má vera að **gæði eru grunnur að markaðssetningu á því nautakjöti sem þessu átaki er ætlað að ná til.**

Því er lagt til að hluta fjármunanna verði jafnframt varið til að treysta gæði og bæta gæðaímynd íslensks nautakjöts í samvinnu við Landssamband kúabænda.

Formaður og framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda áttu síðan fund með landbúnaðarráðherra 14.3.2003, þar sem ákveðið var að koma málinu í formlegan samningafarveg. Því óskaði stjórn Landssambands kúabænda eftir því við Bændasamtök Íslands að þessi samtök sendi sameiginlegt erindi til landbúnaðarráðherra og fari fram á formlegar viðræður um stuðning ríkisins við “Gæðaátak í nautakjöti”. Stjórn Bændasamtaka Íslands varð við þessari beiðni og hafa Ari Teitsson, Kristín Linda Jónsdóttir og Þórólfur Sveinsson verið skipuð í sameiginlega samninganefnd vegna þessa.

Nú fyrir stuttu áttu formaður og framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda fund með nokkrum eigendum holdakúa og þar með framleiðendum nautakjöts í UN-Úrval. Vissulega eru nokkuð skipt sjónarmið um það með hvaða hætti umræddum stuðningi verði best komið til framleiðenda. Annars vegar eru þau sjónarmið að greiðslurnar verði einkum til að varðveita holdastofnana, og hins vegar það sjónarmið sem lýst er hér að framan þess efnis að greiða út að þá gæðaflokka sem verið er að tryggja neytendum aðgang að. Það er þó ágreiningslaust að ef fyrri leiðin væri farin, þá þyrfti samt að gera kröfur um innlegg af skilgreindu magni og gæðum. Þess vegna munu fjármunirnir í öllum aðalatriðum fara til sömu aðilanna hvor leiðin sem farin yrði. Sú leið að greiða á grundvelli innleggs af skilgreindum gæðum ætti þó tvímælalaust að vera öruggari.

Málið mun koma til umfjöllunar á aðalfundi 2003.

4.10 Ályktun um aðalfund LK

Aðalfundur Landssambands kúabænda, haldinn að Laugum í Sælingsdal 20.-21. ágúst 2002, ákveður að aðalfundur næsta árs verði haldinn fyrir miðjan apríl 2003. Stefna skal jafnframt að því að halda árshátíð kúabænda í beinu framhaldi af fundinum.

Unnið eftir þessu.

4.11 Ályktun um fundalaun

Aðalfundur Landssambands kúabænda, haldinn að Laugum í Sælingsdal 20.-21. ágúst 2002, ákveður að fundalaun vegna aðalfundar 2002 hækki um 5% og verði kr. 18.375,-.

Unnið eftir þessu.

4.12 Ályktun um laun stjórnarmanna

Aðalfundur Landssambands kúabænda, haldinn að Laugum í Sælingsdal 20.-21. ágúst 2002, ákveður að laun almennra stjórnarmanna skuli vera virði 100 ltr. mjólkur á mánuði auk 50.000,- króna eingreiðslu á ári. Laun stjórnarformanns skulu vera virði 950 ltr. mjólkur á mánuði.

Unnið eftir þessu.

4.13 Ályktun um samræmingu á kjötmati

Aðalfundur Landssambands kúabænda haldinn að Laugum í Sælingsdal 20.-21. ágúst 2002, beinir því til Yfirkjötmat ríkisins að mat á nautgripakjöti verði betur samræmt á landsvísu heldur en nú er. Ljóst virðist að óeðlilegt mismæmi er á milli sláturhúsa hvað þetta varðar.

Ályktunin var send á Yfirkjötmat ríkisins og Landssamtök sláturleyfishafa.

4.14 Ályktun um viðbragðsáætlun

Aðalfundur Landssambands kúabænda, haldinn að Laugum í Sælingsdal 20.-21. ágúst 2002, leggur mikla áherslu á að jafnan sé tiltæk viðbragðsáætlun um hvað gera skuli ef grunur kemur upp um smitsjúkdóma í búfé, eða ef alvarlegur smitandi sjúkdómur er staðfestur. Slík viðbragðsáætlun þarf að taka til allra þátta málsins s.s. viðkomandi bónda, nágrennis, opinberra aðila, afurðastöðva og þjónustuaðila.

Ákveðið að senda ályktunina til yfirdýralæknis, Hollustuverndar, SAM og Landssamtaka sláturleyfishafa. Þá var eftirfarandi ályktun beint til búnaðarþings; "Búnaðarþing 2003 leggur mikla áherslu á að jafnan sé tiltæk heildaráætlun um hvað

gera skuli ef grunur kemur upp um smitsjúkdóma í búfé, eða ef alvarlegur smitandi sjúkdómur er staðfestur. Slík heildaráætlun þarf að taka til allra þátta málsins og allra aðila er málið varðar. Undir þetta fellur heilbrigðisþátturinn og verkaskipting opinberra aðila, bætur til þeirra er verða fyrir tjóni og markaðsþátturinn. Þá þarf áætlunin að ná til allra er málið varðar, s.s. viðkomandi bónda, nágrennis, opinberra aðila, afurðastöðva og þjónustuaðila”.

Endanleg ályktun búnaðarþings var mjög í þessum anda. Ræða þarf hvernig fara skal með uppgjör beinna greiðslna þegar mjólkurframleiðendur eru í sölubanni, ef sölubannið er fremur vegna almennra sjónarmiða en þess að viðkomandi vara sé varasöm. Kemur til álita við setningu reglugerðar um greiðslumark næsta verðlagsárs.

4.15 Ályktun um Evrópumál

Aðalfundur Landssambands kúabænda, haldinn að Laugum í Sælingsdal 20.-21. ágúst 2002, telur aðild Íslands að Evrópusambandinu ekki koma til greina við núverandi aðstæður.

Greinargerð:

Mikil óvissa er framundan um marga þætti í starfi og framtíðarstefnu Evrópusambandsins og jafnframt er ljóst að aðild Íslands að Evrópusambandinu myndi hafa veruleg neikvæð áhrif á starfsumhverfi íslenski landbúnaðar og þar með aðgengi íslenskra neytenda að innlendum matvælum. Í því sambandi má benda á:

- ❖ *Fyrirhuguða stækkun Evrópusambandsins til austurs með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.*
- ❖ *Mörg alvarleg vandamál hafa komið upp innan Evrópusambandsins varðandi búfjárjúkdóma og matvælaöryggi neytenda.*
- ❖ *Að uppi eru misvísandi hugmyndir innan Evrópusambandsins um breytingar á landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins.*

Ákveðið að senda ályktunina til stjórnmalaflokkanna, samtakanna Heimssýn og Evrópusamtakanna. Þá var lögð tillaga fyrir búnaðarþing um þetta efni og var hún uppistaðan í ályktun þingsins um málið.

4.16 Ályktun um framkvæmd búvörusamnings

Aðalfundur Landsambands kúabænda, haldinn að Laugum í Sælingsdal 20.-21. ágúst 2002, beinir því til stjórnar Bændasamtaka Íslands og Landbúnaðarráðuneytis að skoða það sérstaklega hvort eðlilegt sé að Bændasamtökin hafi með höndum framkvæmd búvörusamninga.

Greinargerð:

Á síðastliðnu hausti komu upp lögfræðileg álitamál um framkvæmd mjólkuruppgjörs verðlagsársins 2000-2001 sem enn sér ekki fyrir endann á. Þessi mál hafa vakið upp spurningar um stöðu Bændasamtakana þegar upp kemur ágreiningur af þessu tagi.

Talsvert hefur verið unnið í þessu máli. Er það nú komið í þann farveg að skýrari vinnureglur verða settar hjá Bændasamtökunum um meðferð upplýsinga og leitað eftir staðfestingu Persónuverndar á því að viðkomandi meðferð sé í lagi. Sjá einnig umfjöllun um Framkvæmdanefnd búvörusamninga.

4.17 Ályktun til stjórnar um verðlagsáramót

Aðalfundur Landsambands kúabænda, haldinn að Laugum í Sælingsdal 20.-21. ágúst 2002, beinir því til stjórnar LK að skoða kosti og galla þess að færa til verðlagsáramótin.

Formanni LK var falið að skoða málið og hefur hann ekki skilað neinum tillögum um breytingar.

4.18 Ályktun um niðurgreiðslur stjórnvalda á ferðakostnaði dýralækna

Aðalfundur Landsambands kúabænda, haldinn að Laugum í Sælingsdal 20.-21. ágúst 2002, beinir því til stjórnar að kannaðar verði ástæður þess að fjármunir sem settir voru af ríkinu til jöfnunar ferðakostnaðar dýralækna kláruðust í júlí í ár, en dugðu mun lengur á síðasta ári.

Ályktunin var send til Bændasamtaka Íslands. Í svar frá Bændasamtökunum kom fram að fjárveiting ársins 2001 til jöfnunar á aksturskostnaði dýralækna nam kr. 8,2 millj. Á árinu lögðu Bændasamtökin að auki til að láni kr. 2,3 millj. Alls voru því greiddar kr. 10,5 millj. Loforð var fyrir 14,1 millj. kr. á árinu 2002. Af þeim voru kr. 3,2 millj. greiddar vegna ársins 2001 auk þeirra 2,3 millj. sem Bændasamtökin höfðu þegar lagt út fyrir. Til ráðstöfunar vegna jöfnunar aksturskostnaðar á árinu 2002 voru því um kr. 8,6 millj. sem voru gengnar til þurrðar í júlí. Í svarbréfinu var jafnframt bent á að viðmiðunartaxtar vegna ferðalauna hækka mánaðarlega skv. launavísitölu og aksturtaxtar í samræmi við ákvarðanir ferðakostnaðarnefndar en fjárveitingar haldast óbreyttar.

4.19 Ályktun til stjórnar um virkt eftirlit með birgðahaldi dýralyfja

Aðalfundur Landsambands kúabænda, haldinn að Laugum í Sælingsdal 20.-21. ágúst 2002, samþykkir að beina því til stjórnar LK að sent verði formlegt erindi til Heilbrigðis og tryggingamálaráðuneytis varðandi nauðsyn á virku eftirliti með birgðahaldi dýralyfja hjá umboðs og innflytjendum.

Greinargerð:

Þar sem lyfjafyrirtækið Delta HF. hefur hætt framleiðslu á bóralkali og magnesíumsúlfati varð skortur á þessum lyfjum á liðnu vori. Samkvæmt gildandi verkreglum um innflutning lyfja þarf að koma beiðni til lyfjastofnunar frá notendum viðkomandi lyfs í þessu tilfelli frá dýralæknum til að stofnunin veiti leyfi til innflytjanda um innflutning. Þar sem enginn aðili virðist hafa á hendi eftirlit með lagerstöðu lyfja kláraðist lager íslensku framleiðslunnar áður en beiðni barst Lyfjastofnun. Þar er því ljóst að með óbreyttu fyrirkomulagi muni Lyfjastofnun ganga illa að uppfylla ákvæði lyfjalaga en í 1. kafla um markmið og yfirstjórn segir: “Markmið laga þessara er að tryggja landsmönnum nægilegt framboð af nauðsynlegum lyfjum...”.

Ákveðið að senda ályktunina til Heilbrigðisráðuneytisins.

4.20 Ályktun um lyfja og dýralæknakostnað

Aðalfundur Landsambands kúabænda, haldinn að Laugum í Sælingsdal 20.-21. ágúst 2002, lýsir áhyggjum sínum af háum lyfja- og dýralæknakostnaði. Af því tilefni beinir fundurinn því til stjórnar að kanna verðmyndun á dýralyfjum, svo og að gera verðkannanir á þjónustu dýralækna.

Í framhaldi af þessari ályktun var m.a. ákveðið kanna lyfjaverð og birta upplýsingar um það á netinu. Jafnframt eru birtar þar nánari upplýsingar um lyfin, notkun þeirra og útskolunartíma. Unnið er að gerð verðkönnunar á þjónustu dýralænka.

4.21 Ályktun til stjórnar um reglur varðandi heimsóknir þjónustuaðila á kúabú

Aðalfundur Landsambands kúabænda, haldinn að Laugum í Sælingsdal 20.-21. ágúst 2002, beinir því til stjórnar LK að hún leiti samstarfs við Embætti yfirdýralæknis um setningu umgengnisreglna fyrir þá aðila sem sinna þjónustu á kúabúum.

Ályktunin fór til Yfirdýralæknis og var óskað eftir viðræðum um málið. Stefnt er að því að ná samkomulagi um umgengnisreglur á þessu ári.

4.22 Ályktun um nýtt kjötmat

Aðalfundur Landsambands kúabænda, haldinn að Laugum í Sælingsdal 20.-21. ágúst 2002, beinir því til stjórnar að hún hlutist til um að kjötmat verði endurskoðað m.t.t. mismunandi kjötprósentu gripa af ólíkum kynjum.

Ákveðið að senda ályktunina til Yfirkjötmats ríkisins og Landsamtaka sláturleyfishafa. Ennfremur var ákveðið að óska álits sömu aðila, auk Matra, á kostum og göllum þess að breyta kjötmatinu hvað þetta snertir. Aðilarnir hafa fundað einu sinni, þar sem farið var yfir stöðu málsins og rætt þar um mögulegar leiðir við endurskoðun á kjötmatinu. Fyrir liggur vilji flestra sláturleyfishafa um endurskoðun kjötmatsins og má vænta þess að drög að nýju kjötmati í nautgriparækt líti dagsins ljós á þessu ári.

5. Markaðsmál

5.1 Mjólkurframleiðsla og -sala

Innvigtun mjólkur til samlaganna á síðasta ári (2002) nam um 110,8 milljónum lítra, en var árið 2001 um 106,1 milljónum lítra og var því um 4,4% meiri árið 2002.

Heildarsala mjólkur og mjólkurafurða umreiknuð á fitugrunn nam á árinu 2002 96,8 milljónum lítra, en var árið áður 98,2 milljón lítrar og hefur því dregist saman um 1,4 milljónir lítra eða um 1,4%. Sala miðað við prótein nam hinsvegar um 106,2 milljónum lítra, miðað við 108,0 milljónir lítra á sama tíma í fyrra, sem er 1,7% minnkun. Munur á sölu á fitu og próteini árið 2002 var 9,4 milljónir lítra, en var árið 2001 9,8 milljónir lítra og dregur því heldur saman aftur eftir nokkurra ára aukningu.

Munur á milli fitu og próteins er enn mikill og óhagræði því samhliða þar sem fituna er ekki eingöngu kostnaðarsamt að framleiða heima á búunum, þar sem kýrnar þurfa meiri orku til að framleiða fitu en prótein, heldur er einnig kostnaðarsamt að losna við fituna frá afurðastöðvunum vegna lágs verðs á fitu á heimsmarkaði.

Birgðir mjólkurvara voru um áramótin meiri en áramótin áður, en af viðbíti voru til um 286 tonn m.v. 260 tonn í árslok 2001, ostum um 1.046 tonn m.v. 910 tonn um áramótin 2001/2002 og 604 tonn af dufti miðað við 331 tonn árið áður.

Nýting á greiðslumarki á þessu verðlagsári, þ.e. fram að 1. mars sl., var 50,5% m.v. 49,7% á sama tíma í fyrra.

Nánari upplýsingar um markaðsmál mjólkur er að finna á vef Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði: www.sam.is.

5.2 Viðskipti með greiðslumark

Viðskipti með greiðslumark eru heimil allt árið, en tilkynningarfrestur vegna sölu innan verðlagsárs rennur út 20. júní ár hvert. Það sem af er þessu ári hafa orðið verulegar verðbreytingar á verði greiðslumarks. Í september og október sl. fór verð á greiðslumarki niður undir 180 kr/kg af óframleiddum rétti innan þessa greiðslumarksárs, en hefur enn sem komið er farið hæst upp fyrir 260 kr/kg (mars 2003). Ástæða þessara miklu breytinga er vafalítið sú staða að ekki verður hægt að borga fullt verð fyrir umframjólk í sumarlok, en jafnframt má líta á verðþróunina sem bjartsýni kúabænda á framtíðina enda tiltölulega stutt eftir af núverandi samningi við stjórnvöld.

Greiðslumark hefur nú gengið kaupum og sölum frá árinu 1992 og hefur á þeim tíma verið verslað með 39 milljónir lítra, en á sama tíma hafa 527 bú hætt rekstri. Til viðbótar er bein sala á greiðslumarki við ábúendaskipti, svo varlega má áætla að á 10 ára tímabili hafi verið verslað með um helming þess greiðslumarks sem nú er í notkun.

5.3 Nautakjötsframleiðsla og –sala

Innvegið nautgripakjöt í sláturhús nam á árinu 2002, 3.639 tonnum á móti 3.683 árið 2001 og er því slátrunin um 44 tonnum (1,2 %) minni nú. Birgðir nautgripakjöts eru nú óverulegar, en þær voru 27 tonn í árslok, en voru 68 tonn í árslok 2001. Vart er hægt að tala um birgðir hjá afurðastöðvum, enda er framleiðslan á viku rúmlega tvöfalt meiri en birgðir voru um áramótin. Á móti kemur að birgðirnar eru til staðar hjá bændum í stað afurðastöðvum.

Heildarsala á nautgripakjöti árið 2002 nam 3.688 tonnum, en var árið 2001 3.674 tonn og nemur aukningin 14 tonnum. Rétt er að minna á að sala á viku nemur 70 tonnum þannig að óraunhæft er í raun að tala um aukna sölu. Nánar má lesa um þróun í sölu og framleiðslu á nautgripakjöti á vef Landssambandsins, www.naut.is.

Kjötmarkaðurinn allt árið 2002 einkenndist af offramboði og undirboðum á kjöti. Verð á nautgripakjöti hélst stöðugt og verð til bænda einnig, enda hafði það lækkað árin 2000 og 2001 þannig að búið var að mæta lágum verðum áður en kjötmarkaðurinn hrundi. Sala og framleiðsla hélst nokkuð í hendur árið 2002 og bið eftir slátrun óveruleg á flestum landssvæðum. Þó fór Suðurland að skera sig nokkuð úr er líða tók á veturinn. Ungkálflátrun árið 2002 var minni en undanfarin ár og er það í samræmi við fækkun fæddra kálfa á landinu öllu.

Lágt verð á nautgripakjöti hefur valdið mörgum nautakjötsbændum verulegum erfiðleikum og eins og undanfarin ár er mikið tap á framleiðslunni. Í kjölfar aðalfundar LK sl. sumar skipaði landbúnaðarráðherra vinnuhóp sem skilaði álitu sínu nú í janúar. Nánar er gerð grein fyrir þessu máli í kafla 4.9.

Allt síðasta ár, rétt eins og undanfarin ár, hefur LK beitt sér af krafti við að styðja við markaðssetningu á nautgripakjöti, bæði með kjötvinnslum, afurðastöðvum og verslunum. Af helstu markaðsátökum síðasta árs má nefna: söluátak í Fjarðarkaupum og Hagkaupum. Átak á Valentínusardaginn, samstarf nokkurra aðila um grilluppskriftir og markaðssetningu á nautakjöti á grillið, uppskriftarbæklingar fyrir jól og áramót, þátttaka á sýningunni Matur 2002 þar sem voru m.a. veittir veglegir vinningar fyrir þá sem skráðu sig á kjot.is. Þá var efnt til samstarfs við Ágústu Johnsen um kynningu á nautakjöti sem heilsufæði. Neytendasíða LK, www.kjot.is, hefur gengið mjög vel og eru áskrifendur að uppskriftum á síðunni nú orðnir rúmlega 3.300. Á vefnum geta neytendur fengið allar upplýsingar og uppskriftir sem hugann girnist um nautakjöt. Ritstjóri vefsins er Kristín Linda Jónsdóttir, kúabóndi í Miðhvammi í Aðaldal.

5.3.1 Verðskerðingarsjóður nautakjöts 2002

Verðskerðingargjald nautgripa (UN og K) stendur undir þeim markaðsaðgerðum sem unnar eru með nautakjöt og stendur gjaldið einnig undir hluta af rekstri LK. Árið 2002 var sjóðnum varið til ýmissa verkefna s.s. vöruþróunar, útgáfu á uppskriftarbæklingum, auglýsingum í sjónvarpi og útvarpi og auglýsinga- og kynningarstyrkja. Jafnframt var haldið úti neytendasíðu (www.kjot.is) og kostnaður við vefsíðuna greiddur af verðskerðingarsjóði.

5.4 Verðlagsnefnd búvara (Frá 1.5.2002)

5.4.1 Skipun nefndarinnar

Nefndin er þannig skipuð:

Ólafur Friðriksson, tilnefndur af landbúnaðarráðherra, formaður.

Ari Teitsson og Þórólfur Sveinsson, tilnefndir af Bændasamtökum Íslands og Landssambandi kúabænda.

Vilhelm Andersen og Hólmgeir Karlsson, tilnefndir af SAM.

Elín Björg Jónsdóttir, tilnefnd af BSRB.

Björn Snæbjörnsson, tilnefndur af ASÍ

Við ákvörðun á verði mjólkur til framleiðenda hefur aðeins annar fulltrúi SAM atkvæðisrétt. Séu atkvæði jöfn við atkvæðagreiðslur í nefndinni, ræður atkvæði formanns. Bændasamtök Íslands og Landssamband kúabænda tilnefna sameiginlega tvo fulltrúa í nefndina og vinna sameiginlega að þessu verkefni.

5.4.2 Starf nefndarinnar

Að venju tók það nokkurn tíma að ná samkomulagi í nefndinni. Niðurstaðan er að mati formanns LK viðunandi. Efnislegt innhald þess samkomulags sem náðist kemur fram í eftirfarandi fréttatilkynningu:

“Verðlagsnefnd búvara – Sexmannanefnd - hefur samþykkt nýjan verðlagsgrundvöll fyrir kúabú, með gildistöku 1. nóvember s.l. Niðurstöður nefndarinnar eru byggðar á gildandi verðlagsgrundvelli, verðkönnunum Hagstofu Íslands og öðrum gögnum. Þá hefur nefndin ennfremur tekið ákvörðun um meðalbreytingu á heildsöluverði mjólkur og mjólkurafurða frá og með 1. janúar 2003 er byggir á úttekt á afkomu mjólkuriðnaðarins.

Samkvæmt þeim verðlagsgrundvelli sem nefndin hefur samþykkt hækkar verð á mjólk til bænda frá 1. nóvember s.l. um 3,69% eða um kr. 2,81 kr. á lítra mjólkur frá því verði sem tók gildi 1. nóvember 2001. Hækkun á verði til bænda á sér meginskýringar í kostnaðarhækkun rekstrarvara og hækkun á launakostnaði við mjólkurframleiðsluna.

Við ákvörðun á vinnslu- og heildsölu kostnaði mjólkur og mjólkurafurða varð samkomulag í nefndinni um að reikna með kostnaðarhækkun um 2,69% frá því sem ákveðið var 1. janúar 2002. Þessi hækkun tekur gildi frá og með 1. janúar 2003 en þá fyrst hækkar heildsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum.

Vegna hækkunar á verði mjólkur til bænda og hækkunar á vinnslu- og dreifingarkostnaði mjólkur, hækkar heildsöluverð mjólkur og mjólkurafurða um 3,36 % að meðaltali. Verð nýmjólkur í eins lítra umbúðum mun hækka um 3 kr. á lítra, eða um 3,53 % frá því verði sem hefur gilt frá 1. janúar 2002 að óbreyttu hlutfalli álagningar í smásölu.

Þessi hækkun samsvarar 0,1% hækkun á vísitölu neysluverðs”.

Þá kom það fram að hækkunarþörf skv. framreikningi var 6,01 %, og að vísitala neysluverðs hækkaði frá nóvember 2001 til október 2002 um 2,94 %. Einnig að hækkun til bænda að meðtöldum beingreiðslum frá 1.nóvember er ca. 3,98 %, og ca. 4,3 % að meðtalinni allri hækkuninni frá 1. nóvember.

Það er ánægjulegt að afkoma mjólkuriðnaðurinn var betri en spáð var í þessari skýrslu í ágúst sl. Það gerði fært að fara þá leið sem raunin varð og greiddi mjög fyrir því að samkomulag næðist.

Umrædd hækkun dugði ekki til að mæta reiknaðri hækkunarþörf og er mismunur í grundvellingnum sem nemur tæpum tveim krónum á líter.

6. Önnur störf

6.1 Aðild að stjórnnum, föstum nefndum og samtökum

Hér á eftir fer upptalning á stjórnnum, nefndum og samtökum sem Landssamband kúabænda á formlega aðild að, en ekki hefur verið gerð grein fyrir hér að framan.

6.1.1. Fagråd í nautgriparékt.

Í fagráði sitja fyrir hönd Landssambands kúabænda. Kjörtími 2001-2004:

Þórólfur Sveinsson, Ferjubakka II, formaður

Þórarinn Leifsson, Keldudal

Sigurður Loftsson, Steinsholti

Fyrir hönd Bændasamtaka Íslands:

Ari Teitsson, formaður BÍ

Jón Viðar Jónmundsson, landsráðunautur í nautgriparékt

Áheyrnarfulltrúar í fagráði:

Halldór Runólfsson, yfirdýralæknir

Bragi Líndal, sviðsstjóri RALA

Torfi Jóhannesson, lektor í búfjárrækt við LBH

Gunnar Guðmundsson, forstöðumaður ráðgjafasviðs BÍ

Snorri Sigurðsson, framkvæmdastjóri LK

Að öðru leiti um störf fagráðs vísast til útsendrar skýrslu.

6.1.1.1 Vinnuhópur fagráðs um ræktunarmál

Í vinnuhópnum sitja:

Jón Viðar Jónmundsson, landsráðunautur í nautgriparékt, formaður
Guðlaugur Antonsson, framkvæmdastjóri Nautastöðvar BÍ
Egill Sigurðsson, Berustöðum II
Friðrik Jónsson, ráðunautur Búnaðarsamtökum Vesturlands
Guðmundur Steindórsson, ráðunautur Búnaðarsambandi Eyjafjarðar
Sigurmundur Guðbjörnsson, bústjóri uppeldisstöðvar Nautastöðvar BÍ
Sveinn Sigurmundsson, framkvæmdastjóri Búnaðarsambands Suðurlands
Guðmundur Jóhannesson, ráðunautur Búnaðarsambandi Suðurlands og er hann ritari vinnuhópsins.

6.1.2 Búnaðarþing

Búnaðarþingsfulltrúar LK 2001-2004 eru þessir:

Gunnar Jónsson, Egilsstöðum
Kristín Linda Jónsdóttir, Miðhvammi
María Hauksdóttir, Geirakoti
Sigurður Loftsson, Steinsholti
Þórólfur Sveinsson, Ferjubakka II

1. varafulltrúi: Birgir Ingbórsson, Uppsölum
2. varafulltrúi: Pétur Diðriksson, Helgavatni
3. varafulltrúi: Sigrún Ásta Bjarnadóttir, Stóru-Mástungu
4. varafulltrúi: Árni Brynjólfsson, Vöðlum
5. varafulltrúi: Jóhann Nikulásson, Stóru-Hildisey

Lesið má um tillögur stjórnar LK til búnaðarþings í kafla 6.2

6.1.3 Samráðsnefnd SAM og Bændasamtaka Íslands

Í nefndinni eru Egill Sigurðsson og Ari Teitsson frá LK og BÍ. Varamaður Egils er Jóhannes Jónsson.

6.1.4 Framkvæmdanefnd um búvörusamninga.

Frá bændum:

Ari Teitsson, formaður BÍ
Aðalsteinn Jónsson, formaður LS
Þórólfur Sveinsson, formaður LK

Frá ríki:

Ólafur Friðriksson, skrifstofustjóri landbúnaðarráðuneytis
Þórhallur Arason, skrifstofustjóri fjármálaráðuneytis
Sveinbjörn Eyjólfsson, aðstoðarmaður landbúnaðarráðherra

Í umfjöllun um nefndina í ágúst sl. var greint frá þeim deilum sem upp komu vegna mjólkuruppgjörsins haustið 2001. Nú fyrir stuttu gekk dómur í undirrétti þar sem landbúnaðarráðherra var sýknaður af kröfum kæranda. Jafnframt hefur komið fram að

málinu verður vísað til Hæstaréttar. Á undangengnum mánuðum hefur allt verið friðsælt á vettvangi nefndarinnar. Þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar hefur þó ekki verið bætt úr tilvistarvanda nefndarinnar. Henni eru enn falin verkefni með Búvörulögum, en hún er hvergi skilgreind í lögum. Meðan svo er getur hún tæpast kallast opinber nefnd, en hefur þó verkefni sem slík. Á þessu þarf að ráða bót.

Greiðslumark næsta árs hefur ekki verið ákveðið.

Eftirfarandi umfjöllun er að finna í skýrslu um framkvæmd búvörusamnings árið 2002:

Mjólkursamningur:

Ákvörðun greiðslumarks í mjólk verðlagsárið 2002/2003:

Við ákvörðun á greiðslumarki í mjólk verðlagsárið 2002/2003 lá fyrir yfirlit yfir nýtingu innveginnar mjólkur á 12 mánaða tímabili (m.v. apríl) samkvæmt gildandi ríkisstuðlum, sem samþykktir voru 2002. Innvegin mjólk á umræddu 12 mánaða tímabili var 106.741.349 ltr. Sala innanlands, umreiknað á fitu var 97.893.585 ltr., en 108.037.216 ltr. umreiknað á prótein eftir gildandi stöðlum. Á grundvelli þessara upplýsing lagði Framkvæmdanefnd til við landbúnaðarráðherra að greiðslumark í mjólk verðlagsárið 2002/2003 yrði 106 millj. ltr. og féllst ráðherra á þá tillögu.

Skipting beingreiðslna 2002/2003

Skipting beingreiðslna í mjólk verðlagsárið 2002/2003 er óbreytt frá verðlagsárinu 2001/2002, A-greiðsla 53.5% beingreiðslna, B-greiðsla 31,5% beingreiðslna og C-greiðsla 15.0% beingreiðslna, sjá 5. gr. reglugerðar um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og beingreiðslur til bænda verðlagsárið 2002/2003, nr. 437/2002. Hins vegar var að tillögu Landssambands kúabænda samþykkt eftirfarandi ráðstöfun C- greiðslna:

<i>Nóvember – febrúar</i>	<i>8.0%</i>
<i>Júlí</i>	<i>1.5%</i>
<i>Ágúst</i>	<i>2.5%</i>
<i>September</i>	<i>2.0%</i>
<i>Október</i>	<i>1.0%</i>

6.2 Tillögur LK til búnaðarþings

6.2.1 Tillaga um gagnasöfnun og Persónuvernd

Búnaðarþing 2003 telur eðlilegt að í samvinnu við Persónuvernd, verði settar skýrar reglur um söfnun, vörslu, notkun og birtingu þeirra upplýsinga sem safnað er hjá Bændasamtökum Íslands, búnaðarsamböndunum og tengdum aðilum, ef þær upplýsingar tengjast persónum eða lögbýlum. Ákveða þarf hvaða upplýsingum á/þarf að safna, hvenær þarf upplýst samþykki og hvað reglur gilda um birtingu og vörslu.

6.2.2 Tillaga um endurskoðun á lagaumhverfi landbúnaðarins

Búnaðarþing 2003 telur nauðsynlegt að hraðað verði endurskoðun á lagaumhverfi landbúnaðarins, m.a. vegna þeirra breytinga sem eru að verða á eignarhaldi og rekstrarformi í búgreininni, þar sem það er í auknum mæli að færast í hendur lögaðila.

6.2.3 Tillaga um Evrópumál

Búnaðarþing 2003 ítrekar fyrri ályktun um Evrópumál og telur aðild Íslands að Evrópusambandinu ekki koma til greina við núverandi aðstæður.

Greinargerð:

Mikil óvissa er framundan um marga þætti í starfi og framtíðarstefnu Evrópusambandsins og jafnframt er ljóst að aðild Íslands að Evrópusambandinu myndi hafa veruleg neikvæð áhrif á starfsumhverfi íslenski landbúnaðar og þar með aðgengi íslenskra neytenda að innlendum matvælum. Í því sambandi má benda á:

Fyrirhuguða stækkun Evrópusambandsins til austurs með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Mörg alvarleg vandamál hafa komið upp innan Evrópusambandsins varðandi búfjársjúkdóma og matvælaöryggi neytenda.

Að uppi eru misvísandi hugmyndir innan Evrópusambandsins um breytingar á landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins.

6.2.4 Tillaga um endurskoðun á ráðgjafarþjónustunni

Búnaðarþing 2003, leggur þunga áherslu á að unnið verði markvisst eftir þeirri ályktun sem samþykkt var á Búnaðarþingi 2002 um “Endurskoðun ráðgjafarþjónustu í landbúnaði”, og ályktunum fyrri Búnaðarþinga um sama og skylt efni.

Samþykktin var þannig:

1. *Búnaðarþing 2002 lýsir stuðningi við þau sjónarmið sem fram koma í álitni meirihluta nefndar sem fjallað hefur um endurskoðun ráðgjafarþjónustu í landbúnaði. Þingið felur stjórn BÍ áframhaldandi vinnslu málsins.*

2. *Búnaðarþing leggur áherslu á að niðurstöður starfshóps sem starfaði á vegum RANNÍS og fjallaði um stöðu og þróunarhorfur í nautgriparækt verði nýttar til eflingar faglegs starfs fyrir nautgriparæktina. Þáttur í því er að Bændasamtök Íslands verði aðili að sameiginlegri stefnumörkun Rala og LBH.*

Aðdragandi þessarar samþykktar Búnaðarþings 2002, er eftirfarandi samþykkt Búnaðarþings 2001:

Endurskoðun ráðgjafarþjónustu og nýting búnaðargjalds

Liður 1. í erindi

Í ályktun búnaðarþings 2000 um leiðbeiningaþjónustu, skipulag og kostun, var lögð áhersla á að starfshópur sem skipaður var til að fjalla um málefni ráðgjafarþjónustunnar lyki störfum. Nú liggur álit hópsins fyrir og er í álitinu að finna tillögur um "skilgreiningu á þeim verkefnum sem kostuð séu af ríkisframlögum til leiðbeiningaþjónustu búnaðarsambandanna og leiðbeingahluta búnaðargjalds." Jafnframt gerir hópurinn tillögur um skilgreiningu á þeirri þjónustu sem bændur njóta á móti búnaðargjaldi. Búnaðarþing 2001 beinir þeim tilmælum til búnaðarsambandanna að unnið verði eftir tillögum starfshópsins til reynslu.

Endurskoðun ráðgjafarþjónustu og nýting búnaðargjalds

Liður 2. og 3. í erindi

Búnaðarþing 2001 felur stjórn BÍ að skipa nefnd sem hafi það hlutverk að endurskoða eftirtalin mál:

- *Starfsemi, skipulag og aðsetur Bændasamtaka Íslands.*
- *Skipulag ráðgjafarþjónustu í landbúnaði.*
- *Nýtingu búnaðargjalds.*

Nefndin skili álitni fyrir næsta búnaðarþing.

Greinargerð:

Starfsemi samtaka eins og Bændasamtaka Íslands þarf í raun að vera í stöðugri endurskipulagningu og þróun á öllum sviðum. Það er okkur nauðsynlegt að hafa þessa starfsemi sem markvissasta og ódýrasta þannig að hún skili okkur sem mestum ávinningi á hverjum tíma.

B:

Fyrir þinginu liggur nú erindi Svínaræktarfélags Íslands um nýtingu búnaðargjalds. Þingið vísar erindinu til nefndar sem skipuð verður samkvæmt þessari ályktun.

Þingið leggur áherslu á að búnaðarsamböndin reyni eftir föngum að koma til móts við þau sjónarmið sem lýst er í erindinu

Aðdragandi þessarar samþykktar Búnaðarþings 2001, var eftirfarandi samþykkt búnaðarþings 2000:

Ályktun 1:

Leiðbeiningaþjónustan - skipulag hennar og kostun

Búnaðarþing 2000 samþykkir að beina því til stjórnar BÍ að vinna að samþættingu tölvukerfis Bændasamtakanna og tölvukerfa búnaðasambanda/leiðbeiningamiðstöðva með það að markmiði að það vinni saman sem ein heild og auðveldi og einfaldi aðgengi ráðunauta og bænda að öllum þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að halda uppi öflugri leiðbeiningaþjónustu í landbúnaði. Jafnframt verði haft að markmiði að allur innsláttur gagna sé mögulegur hjá búnaðasamböndum/ leiðbeiningamiðstöðvum. Með þessum hætti verði tryggð sem jöfnust vinnuástanda ráðunauta hvort sem þeir eru staddir hjá BÍ í Reykjavík eða búnaðasambandi/leiðbeiningamiðstöð úti á landi.

Með þessu verða opnaðir möguleikar á að flytja ákv. störf sem unnin eru hjá BÍ í Reykjavík úti á land s.s. ýmis skráningastörf og með því skotið styrkari stöðum undir búnaðarsambönd/leiðbeiningamiðstöðvar og tryggð betri nýting starfsfólks og skilvirkari vinnubrögð. Við slíka tilfærslu verði tryggt að tekjur fylgi flutningi verkefna.

Eðlilegt er að leitað verði til Byggðastofnunar og /eða Framleiðnisjóðs við fjármögnun verkefnisins í upphafi enda er hér augljóslega um mikið byggðamál að ræða og í takt við stefnu stjórnvalda um tilflutning starfa úti á land.

Ályktun 2:

Leiðbeiningaþjónustan - skipulag hennar og kostun

A. *Búnaðarþing telur óhjákvæmilegt að ráðgjafarþjónusta búnaðarsambandanna miðist sem mest við þarfir einstakra bænda og sé veitt á markaðslegum forsendum þar sem til viðbótar ríkisstuðningi við starfsemina komi í meira mæli greiðslur frá notendum þjónustunnar og þess í stað verði búnaðargjald lækkað.*

B. *Búnaðarþing felur nefnd þeirri sem skipuð var í kjölfar ályktunar síðasta búnaðarþings "um lækkun búnaðargjalds" að starfa áfram og ljúka verkefni sínu.*

Það felst meðal annars í því að forgangsraða verkefnum búnaðarsambandanna og skilgreina hvaða ráðgjafarverkefnum búnaðargjald og ríkisframlag standi undir.

Bændasamtökin semji viðmiðunargjaldskrá fyrir þá þjónustu sem búnaðargjald og ríkisframlag standa ekki fyrir.

Þá felur þingið nefndinni að hlutast til um það við fagráð einstakra búgreina og stjórnir búgreinasambanda að þau geri hvert fyrir sig grein fyrir því hvaða ráðgjafarþjónustu þau óska eftir af hálfu búnaðarsambandanna, hvaða grundvallarbreytingar þau vilji gera á þessari þjónustu og hvernig hún verði fjármögnuð. Jafnframt áætli tilgreindir aðilar hvert umfang ráðgjafarþjónustunnar verði miðað við það fyrirkomulag sem þeir kjósa. Þessar upplýsingar liggi fyrir á þessu ári. Þær tillögur verði síðan grunnur að breytingum á fjármögnun ráðgjafastarfseminnar.

Ekki verður betur séð en Búnaðarþing hafi í þrjú ár árangurslaust reynt að færa til betra vegar starfsemi sem að verulegu leyti heyrir undir Bændasamtök Íslands. Við svo búið getur Búnaðarþing ekki unað. Búnaðarþing 2003, leggur þunga áherslu á að fyrri samþykktum þingsins um umbætur í fagstarfi í landbúnaði verði framfylgt.

6.2.5 Tillaga um viðbúnaðaráætlun

Búnaðarþing 2003 leggur mikla áherslu á að jafnan sé tiltæk heildaráætlun um hvað gera skuli ef grunur kemur upp um smitsjúkdóma í búfé, eða ef alvarlegur smitandi sjúkdómur er staðfestur. Slík heildaráætlun þarf að taka til allra þátta málsins og allra aðila er málið varðar. Undir þetta fellur heilbrigðisþátturinn og verkaskipting opinberra aðila, bætur til þeirra er verða fyrir tjóni og markaðsþátturinn. Þá þarf áætlunin að ná til allra er málið varðar, s.s. viðkomandi bónda, nágrennis, opinberra aðila, afurðastöðva og þjónustuaðila.

6.2.6 Tillaga um styrki til fráveitna

Búnaðarþing 2003 samþykkir að leita eftir þeirri breytingu á búnaðarsamningi að tekinn verði inn styrkur á fráveitur lögbýla, t.d. kr. 50.000- kr. á hvert lögbýli.

6.3 Afleysingasjóður kúabænda

Afleysingasjóður kúabænda hefur verið starfræktur frá því árið 1993 eða í tíu ár. Skrifstofa LK hefur umsjón með Afleysingasjóði, en Búnaðarbankinn í Borgarnesi hefur annast greiðslur til styrkþega, en þær fara fram ársfjórðungslega.

Á árinu 2002 sóttu alls 62 kúabændur um styrk úr sjóðnum og námu styrkgreiðslurnar um 1,6 milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nam peningaleg eign afleysingasjóðs í árslok 2002 2,7 milljónum króna.

6.4 Þróunarsjóður nautgriparæktar

LK hefur til varðveislu 94.517 krónur af þeim fjármunum sem greiddar voru til LK úr Þróunarsjóðnum á árunum 1993 til 1997. Á árinu 2002 var ráðstafað úr sjóðnum 31.000 krónum vegna námskeiða sem formaður og framkvæmdastjóri LK sóttu.

7. Starfsemi fyrirtækja í eigu LK

7.1 Nautastöð Landssambands kúabænda ehf.

Í stjórn félagsins sitja Kristín Linda Jónsdóttir, Egill Sigurðsson og Snorri Sigurðsson, sem er jafnframt framkvæmdastjóri félagsins. Bústjóri til 1. apríl 2002 var Gísli Einarsson.

Í árslok 2002 átti félagið sæðisbirgðir sem nam 65.665 skömmtum. Á árinu 2002 voru alls seldir 1.832 skammtar af sæði miðað við 2.216 skammta af sæði árið 2001. Verulega hefur því dregið úr sölu á holdasæði undanfarin ár, en mest seldist árið 1997, eða 2.566 skammtar.

Af seldu sæði árið 2002 var mest selt af Angussæði (1.168 skammtar) og þar af mest úr Álfi (nr. 95401) eða 680 skammtar. Af Limósín-sæði var mest selt af sæði úr Linda (nr. 95452) eða alls 525 skammtar.

Á síðasta ári var gengið frá sölu á eignu NLK ehf. í Hrísey, bæði bústofni, vélum og vélageymslu. Kaupandi var fyrirtækið Hríseyjarnaut ehf. og var kaupverðið kr. 5,5 milljónir. Ekki hefur þó tekist að innheimta allt söluverðmæti og stefnir því allt í yfirtöku á eignum á ný ef fram fer sem horfir. Ársreikningur vegna ársins 2002 liggur ekki fyrir, en árið 2001 var tap (að teknu tilliti til fjármagnsliða og skatta) kr. 681.152,-.

7.2 Kjötframleiðendur ehf.

Eingarhlutur LK í Kjötframleiðendum ehf. var í árslok 2002 krónur 395.000,- að nafnvirði eða um 48,17% af heildarhlutafé félagsins. Starfsemi Kjötframleiðenda á liðnu ári fólst í útflutningi á kjöti. Reksturinn hefur gengið nokkuð vel og útlitið framundan ágætt.

Í stjórn Kjötframleiðenda ehf. sitja Guðmundur Lárusson (Stekkur), f.h. LK, Aðalsteinn Jónsson (Klausturseli), f.h. LS og Kristinn Guðnason (Skarði) f.h. LH.

Aðalfundur Kjötframleiðenda ehf. árið 2002 hefur ekki verið haldinn og liggur ársreikningur félagsins því ekki fyrir. Árið 2001 skilaði fyrirtækið hagnaði og nam arður LK kr. 216.769,-.

8. Aðildarfélag LK

Að Landssambandi kúabænda standa 13 aðildarfélag um allt land og voru um áramótin 2002/2003 alls skráðir 1.351 félagsmenn í félagatöl aðildarfélaganna, en árið áður voru skráðir félagsmenn 1.384. Hér á eftir má sjá yfirlit um hvert þeirra, ásamt upplýsingum um helstu trúnaðarmenn hvers félags.

8.1 Mjólkursamlag Kjalarnesþings

Mjólkursamlag Kjalarnesþings var stofnað 21. mars 1936 í Oddfellow-húsinu í Reykjavík og var fyrsti formaður félagsins Björn Birnir í Grafarholti og var Einar

Ólafsson í Lækjarhvammi varaformaður. Félagið hefur verið aðildarfélag LK frá stofnun þess.

Fjöldi félagsmanna: 82

Stjórn 2003-2004 skipa:

Kristján Finnsson (formaður)	Grjóteyri
Magnús Hannesson	Eystri Leirárgörðum
Haraldur Magnússon	Belgsholti
Indriði Þórisson	Kjaransstöðum
Jóhanna Hreinsdóttir	Káraneskoti

Fulltrúar á aðalfund LK 2003:

Magnús Hannesson	Eystri Leirárgörðum
Ásthildur H. Skjaldardóttir	Bakka
<i>Varamenn:</i>	
Kristján Finnsson	Grjóteyri
Reynir Ásgeirsson	Svarfhóli

8.2 Mjólkurbú Borgfirðinga

Mjólkurbú Borgfirðinga, sem er samvinnufélag, var stofnað 7. júní 1994 og tók síðar yfir hlutverk þriggja kúabændafélaga á Borgarfjarðarsvæðinu. Hlutverk félagsins er að vinna að sameiginlegum hagsmunum kúabænda á svæðinu.

Fjöldi félagsmanna: 158

Stjórn 2003-2004 skipa:

Guðmundur Þorsteinsson (formaður)	Skálpastöðum
Jón Gíslason	Lundi
Pétur Diðriksson	Helgavatni
Ásbjörn Pálsson	Syðri Haukatungu II
Brynjólfur Guðmundsson	Hlöðutúni

Fulltrúar á aðalfund LK 2003:

Pétur Diðriksson	Helgavatni
Ásbjörn Pálsson	Syðri Haukatungu II
Jón Gíslason	Lundi
<i>Varamenn:</i>	
Guðmundur Þorsteinsson	Skálpastöðum
Þórólfur Sveinsson	Ferjubakka II
Sigbjörn Björnsson	Lundum

8.3 Mjólkursamlagið í Búðardal

Mjólkursamlagið í Búðardal var stofnað 1958 og var þá framleiðendafélag kúabænda á Skógarströnd og Dalasýslu og síðar bættust inn í félagið kúabændur í Barðastrandasýslum. Mjólkursamlagið í Búðardal hóf síðan starfsemi sína 18. mars 1964, en fram að þeim tíma hafði mjólkin verið flutt í Borgarnes. Félagið er hagsmunafélag kúabænda á svæðinu og hefur m.a. staðið fyrir mjólkurflutningunum, en hefur auk þess unnið að ýmsum hagsmunamálum bændanna s.s. samgöngumálum.

Fjöldi félagsmanna: 74

Stjórn 2003-2004 skipa:

Hörður Grímsson (formaður)	Tindum
Arnór Kristjánsson	Eyði
Axel Oddsson	Kverngrjóti
Bragi Konráðsson	Galtartungu
Trausti Bjarnason	Á

Fulltrúar á aðalfund LK 2003:

Lára Hansdóttir	Á
Bragi Konráðsson	Galtartungu
<i>Varamenn:</i>	
Ásgerður Jónsdóttir	Kverngrjóti
Soffía Steinunn Jónsdóttir	Efri-Brunná

8.4 Mjólkursamlag Ísfirðinga

Mjólkursamlag Ísfirðinga, sem jafnframt er félag kúabænda á svæðinu, er eign þeirra bænda sem eru mjólkurframleiðendur og leggja inn mjólk hjá samlaginu. Samlagið hefur verið formlegur aðili að LK frá stofnun þess og á aðalfundi samlagsins ár hvert er kosinn fulltrúi til að mæta á aðalfund LK.

Starfsemi samlagsins er eðli málsins samkvæmt fyrst og fremst rekstur þess og þar hefur að jafnaði tekist að tryggja innleggjendum sambærileg viðskiptakjör og best gerist í landinu.

Fjöldi félagsmanna: 47

Stjórn 2003-2004 skipa:

Árni Brynjólfsson (formaður)	Vöðlum
Ebba Jónsdóttir	Hóli
Sigmundur Sigmundsson	Látrar
Sunna Rey Sigurjónsdóttir	Ósi
Björn Birkisson	Botni

Fulltrúar á aðalfund LK 2003:

Árni Brynjólfsson	Vöðlum
<i>Varamaður:</i>	
Birkir Friðbertsson	Birkihlíð

8.5 Nautgripæræktarfélag Vestur Húnavatnssýslu

Nautgripæræktarfélag Vestur Húnavatnssýslu er hagsmunafélag kúabænda og vinnur að sameiginlegum málefnum þeirra.

Fjöldi félagsmanna: 39

Stjórn 2003-2004 skipa:

Skúli Einarsson (formaður)	Tannstaðabakka
Pétur Sigurvaldason	Torfustöðum
Sigtryggur Sigurvaldason	Litlu Ásgeirsá

Fulltrúar á aðalfund LK 2003:

Skúli Einarsson Tannstaðabakka

Varamaður:

Sigtryggur Sigurvaldason Litlu Ásgeirsá

8.6 Félag kúabænda í Austur Húnavatnssýslu

Félag kúabænda var stofnað í Húnavatnssýslu árið 1985 og var starfsemi þess í upphafi fyrir bæði Austur og Vestur Húnavatnssýslur, en var svo skipt upp í sitt hvort félagið. Félag kúabænda í Austur Húnavatnssýslu er hagsmunafélag kúabænda og einnig félagsdeild við Mjólkursamlagið á Blönduósi.

Fjöldi félagsmanna: 104

Stjórn 2003-2004 skipa:

Magnús Sigurðsson (formaður)	Hnjúki
Björn Magnússon	Hólabaki
Gróa Lárusdóttir	Brúsastöðum
Jóhannes Torfason	Torfalæk
Jóhann Þ. Bjarnason	Auðólfsstöðum

Fulltrúar á aðalfund LK 2003:

Magnús Sigurðsson	Hnjúki
Birgir Ingþórsson	Uppsölum
<i>Varamenn:</i>	
Björn Magnússon	Hólabaki
Gróa Lárusdóttir	Brúsastöðum

8.7 Félag kúabænda í Skagafirði

Félag kúabænda í Skagafirði er hagsmunafélag kúabænda og vinnur að sameiginlegum málefnum þeirra.

Fjöldi félagsmanna: 165

Stjórn 2003-2004 skipa:

Þórarinn Leifsson (formaður)	Keldudal
Þorleifur Hólmsteinsson	Þorleifsstöðum
Vagn Stefánsson	Minni Ökrum
Sævar Einarsson	Hamri
Þorsteinn Axelsson	Skúfsstöðum

Fulltrúar á aðalfund LK 2003:

Þórarinn Leifsson	Keldudal
Sævar Einarsson	Hamri
Sigurður Baldursson	Páfastöðum
<i>Varamenn:</i>	
Árni Sigurðsson	Marbæli
Vagn Stefánsson	Minni Ökrum
Gunnar Sigurðsson	Stóru Ökrum

8.8 Búgreinaráð BSE í nautgriparékt

Búgreinaráð er sjálfstætt félag eða deild undir Búnaðarsambandi Eyjafjarðar og er því í beinum tengslum við starfsmenn búnaðarsambandsins og við þá aðstöðu sem þar er.

Starfsemi búgreinaráðs í nautgriparékt felst aðallega í því að fylgjast með mjólkurvinnslu og slátrun á svæðinu og reyna að hafa áhrif á þessa starfsemi, bændum til hagsbóta.

Fjöldi félagsmanna: 129

Stjórn 2003-2004 skipa:

Þorsteinn Rútsson (formaður)	Þverá
Gunnsteinn Þorgilsson	Sökku
Guðbergur E. Eyjólfsson	Hléskógum

Fulltrúar á aðalfund LK 2003:

Gunnsteinn Þorgilsson	Sökku
Þorsteinn Rútsson	Þverá
Guðbergur E. Eyjólfsson	Hléskógum
Sigurgeir Pálsson	Sigtúnum
<i>Varamenn:</i>	
Jóhannes Jónsson	Espihóli
Sigurgeir Hreinsson	Hríshóli
Stefán Magnússon	Fagraskógi
Leifur Guðmundsson	Klauf

8.9 Félag Þingeyskra kúabænda

Félag þingeyskra kúabænda var stofnað 12. apríl 2000 og er tilgangur félagsins að efla samstöðu félagsmanna og vinna að bættum hag þeirra jafnt á faglegum grunni sem í kjaramálum.

Fjöldi félagsmanna: 88

Stjórn 2003-2004 skipa:

Ólöf Hallgrímsdóttir (formaður)	Vogum
Atli Vigfússon	Laxamýri
Sveinbjörn Sigurðsson	Búvöllum

Fulltrúar á aðalfund LK 2003:

Sveinbjörn Sigurðsson	Búvöllum
Erlingur Teitsson	Brún
Ólöf Hallgrímsdóttir	Vogum
<i>Varamenn:</i>	
Marteinn Sigurðsson	Kvíabóli
Ásvaldur Þormóðsson	Stóru-Tjörnum
Þorsteinn Rúnar Þórsteinsson	Vallakoti

8.10 Félag nautgripabænda á Héraði og Fjörðum

Félag Nautgripabænda á Héraði og Fjörðum er hagsmunafélag nautgripabænda og er tilgangur þess að efla samstöðu félagsmanna og beita sér fyrir bættum kjörum þeirra.

Fjöldi félagsmanna: 97

Stjórn 2003-2004 skipa:

Jón Steinar Elísson (formaður)	Hallfreðarstöðum 2
Halldór Sigurðsson	Hjartarstöðum
Jóhann Gísli Jóhannsson	Breiðavaði
Þorsteinn Guðmundsson	Ketilsstöðum
Jón Júlíusson	Mýrum

Fulltrúar á aðalfund LK 2003:

Jón Steinar Elísson	Hallfreðarstöðum 2
Jóhann Gísli Jóhannsson	Breiðavaði
<i>Varamenn:</i>	
Halldór Sigurðsson	Hjartarstöðum
Gunnar Jónsson	Egilsstöðum 4

8.11 Nautgripærktarfélag Vopnafjarðar

Nautgripærktarfélag Vopnafjarðar var stofnað árið 1956. Þá komu saman nokkrir framfarasinnaðir bændur og keyptu kynbótanaut úr Mýrdalnum til ræktunar. Um 1970, með tilkomu djúpfrysitngar á sæði, var ákveðið að senda mann á námskeið til að læra sæðingar og var bóndi úr sveitinni, Sigurður Ólafsson í Vatnsdalsgerði, fenginn til að taka þetta að sér og hefur hann séð um þennan þátt síðan.

Rekstur félagsins hefur aðallega snúist um sæðingar og hefur félagið alfarið séð um rekstur sæðinganna óháð Búnaðarsambandi Austurlands.

Fjöldi félagsmanna: 16

Stjórn 2003-2004 skipa:

Halldór Georgsson (formaður)	Síreksstöðum
Helgi Sigurðsson	Háteigi
Gunnar Pálsson	Refsstað I

Fulltrúar á aðalfund LK 2003:

Helgi Sigurðsson	Háteigi
<i>Varamaður:</i>	
Jóhann Marvínsson	Svínabökkum

8.12 Nautgripærktarfélag Austur-Skaftafellssýslu

Nautgripærktarfélag Austur Skaftafellssýslu er framleiðendafélag kúabænda á svæðinu og var stofnað árið 1972.

Fjöldi félagsmanna: 56

Stjórn 2003-2004 skipa:

Eiríkur Egilsson (formaður)	Seljavöllum Nesjum
Björn Ísleifur Björnsson	Hestgerði
Steinþór Torfason	Hala í Suðursveit

Fulltrúar á aðalfund LK 2003:

Eiríkur Egilsson	Seljavöllum Nesjum
------------------	--------------------

Varamaður:

Steinþór Torfason

Hala í Suðursveit

8.13 Félag kúabænda á Suðurlandi

Félag kúabænda á Suðurlandi var stofnað á Hvolsvelli þann 13. mars 1985. Félagssvæðið nær yfir Árnes-, Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslur. Tilgangur félagsins er að stuðla að framförum í nautgriparækt á félagssvæðinu og gæta hagsmuna kúabænda og sameina þá um málefni greinarinnar. Fundargerðir funda félagsráðs og aðalfundar má lesa á vef LK.

Fjöldi félagsmanna: 296

Stjórn 2003-2004 skipa:

Sigurður Loftsson (formaður)

Jóhann Nikulásson

Valdimar Guðjónsson

Steinsholti

Stóru Hildisey 2

Gaulverjabæ

Fulltrúar á aðalfund LK 2003:

Sveinn Ingvarsson

Arnar Bjarni Eiríksson

Grétar Einarsson

Sigrún Ásta Bjarnadóttir

Sigurlaug Leifsdóttir

Valdimar Guðjónsson

Jóhann Nikulásson

Katrín Birna Viðarsdóttir

Birna Þorsteinsdóttir

Varamenn:

Gunnar Eiríksson

Gunnar Sverrisson

Sigurjón Hjaltason

Björn Harðarson

Þórarinn Eggertsson

Sæmundur B. Ágústsson

Þorsteinn Markússon

Baldur Bjarnason

Sigurður Loftsson

Reykjahlíð

Gunnbjarnarholti

Þórisholti

Stóru Mástungu

Nýjabæ

Gaulverjabæ

Stóru-Hildisey

Ásólfskála

Reykjum

Túnsbergi

Hrosshaga

Rafttholti

Holti

Hraungerði

Bjólu

Eystra Fíflholti

Múlakoti

Steinsholti

Viðauki I – Um Landssamband kúabænda

Um stofnun Landssambands kúabænda

Stofnfundur Landssambands kúabænda var haldinn 4. apríl 1986. Fundarboðandi var Félagsráð Osta- og smjörsölunnar og var fundurinn haldinn í húsakynnum hennar. Fundinn sátu 20 fulltrúar frá 9 félögum kúabænda. Einnig fulltrúar frá Félagsráði Osta- og smjörsölunnar og fulltrúar frá Stéttarsambandi bænda og Búnaðarfélagi Íslands. Á fundinum var samþykkt að stofna Landssamband kúabænda og því settar samþykktir.

Eftirtaldir fulltrúar sátu stofnfundinn:

Frá Félagi kúabænda á Suðurlandi: Guðmundur Lárusson, Sigurður Steinþórsson, Guðjón Eggertsson, Egill Sigurðsson, Steingrímur Lárusson, Bergur Pálsson, Ómar H. Halldórsson og Kjartan Georgsson.

Frá Félagi kúabænda í Skagafirði: Jón Guðmundsson og Sverrir Magnússon.

Frá Félagi kúabænda á sunnanverðu Snæfellsnesi: Magnús Guðjónsson.

Frá Félagi húnveskra kúabænda: Halldór Guðmundsson og Jón Eiríksson.

Frá Félagi eyfirskra nautgripabænda: Oddur Gunnarsson og Benjamín Baldursson.

Frá Félagi kúabænda í Mýrasýslu: Þorkell Guðbrandsson.

Frá Hagsmunafélagi mjólkurinnl. á svæði við Búðardal: Vilhjálmur Sigurðsson.

Frá Félagi kúabænda í Borgarfjarðarsýslu norðan Skarðsheiðar: Jón Gíslason.

Frá Mjólkursamlagi Kjalarnesþings: Pétur Lárusson og Sigurbjörn Hjaltason.

Fyrsta stjórn sambandsins var þannig skipuð: Formaður; Hörður Sigurgrímsson. Meðstjórnendur; Guðmundur Þorsteinsson, Oddur Gunnarsson, Halldór Guðmundsson og Sturlaugur Eyjólfsson. Varamenn; Guðmundur Lárusson og Ólafur Þórarinnsson.

Formenn, meðstjórnendur og framkvæmdastjórar Landssambands kúabænda frá upphafi

Formenn:

Hörður Sigurgrímsson, Holti	1986-1989
Guðmundur Lárusson, Stekkum	1989-1998
Þórólfur Sveinsson, Ferjubakka II	1998-

Meðstjórnendur:

Guðmundur Þorsteinsson, Skálpastöðum	1986-1999
Oddur Gunnarsson, Dagverðareyri	1986-1994
Sturlaugur Eyjólfsson, Efri-Brunná	1986- 1996
Halldór Guðmundsson, Holti	1986-1990
Bjarni Maronsson, Ágeirsbrekku	1990-1993
Björn Magnússon, Hólabaki	1993-1994
Stefán Magnússon, Fagraskógi	1994-1999
Sigurður Baldursson, Páfastöðum	1994-1999
Hjörtur Hjartarson, Stíflu	1996-2000
Kristín Linda Jónsdóttir, Miðhvammi	1999-
Birgir Ingbórsson, Uppsölum	1999-2002

Gunnar Sverrisson, Hrosshaga	1999-2002
Egill Sigurðsson, Berustöðum	2000-
Sigurður Loftsson, Steinsholti	2002-
Jóhannes Ævar Jónsson, Espihóli	2002-

Framkvæmdastjórar:

Stefán Tryggvason	1990-1992
Valdimar Einarsson	1992-1994
Guðbjörn Árnason	1994-2000
Snorri Sigurðsson	2000-

Varamenn í stjórn:

Guðmundur Lárusson, Stekkum	1986-1989
Ólafur Þórarinnsson, Flugumýrarhvammi	1986-1987
Jón Guðmundsson, Óslandi	1987-1988
Sigurgeir Hreinsson, Hríshóli	1988-1989
Birna Þorsteinsdóttir, Stóru-Hildisey II	1989-1990
Stefán Tryggvason, Skrauthólum og Þórisstöðum	1989-1990
Hjörtur Hjartarson, Stíflu	1990-1996
Steinþór Einarsson, Einholti	1990-1991
María Hauksdóttir, Geirakoti	1991-1994
Þórólfur Sveinsson, Ferjubakka II	1994-1996
María Hauksdóttir, Geirakoti	1996-1998
Birgir Ingþórsson, Uppsölum	1996-1999
Egill Sigurðsson, Berustöðum	1999-2000
Sigurgeir Pálsson, Sigtúnum	1999-2002
Gunnar Jónsson, Egilsstöðum	2000-
Skúli Einarsson	2002-

Skoðunarmenn:

Jón Gíslason, Lundi	1986-1991
Ólafur Kristjánsson, Geirakoti	1986-1989
Sigurbjörn Hjaltason, Kiðafelli	1989-1991
Hálfván Björnsson, Hjarðarbóli	1991-1993
Sigurgeir Hreinsson, Hríshóli	1991-1993
Pétur Diðriksson, Helgavatni	1993-
Magnús Hannesson, Eystri-Leirárgörðum	1993-

Viðauki II - Samþykktir Landssambands kúabænda

1. gr.

Félög nautgripabænda á Íslandi mynda með sér samtök sem heita Landssamband kúabænda (skammst. LK).

2. gr.

Tilgangur LK er að sameina þá, sem stunda nautgriparækt í atvinnuskyni, um hagsmunamál sín og vinna að framgangi þeirra. Einnig að annast kynningar- og fræðslustarf um málefni búgreinarinnar og afla þeim stuðnings.

3. gr.

3.1. Rétt til aðildar að LK hafa öll félög nautgripabænda á landinu, enda fari samþykktir þeirra ekki í bága við samþykktir LK.

3.2. Nautgripabóndi telst hver sá sem leggur mjólk inn í afurðastöð eða hefur gengið í viðkomandi nautgripabændafélag sem framleiðandi nautgripakjöts.

3.3. Sæki tvö félög um aðild, sem hafa að einhverju eða öllu leyti sama félagssvæði, skal stjórn LK leitast við að ná samkomulagi um málið. Takist það ekki skal stjórnin leggja fram tillögu fyrir aðalfund LK hversu með skuli fara og er afgreiðsla hans fullnaðarúrskurður í málinu.

3.4. LK ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með eignum sínum, en hvorki aðildarfélögin né einstakir félagsmenn.

4. gr.

Aðild LK að öðrum félagasamtökum er háð samþykki aðalfundar.

5. gr.

5.1. Aðalfund skal halda árlega og hefur hann æðsta vald í öllum málefnum LK.

5.2. Aðalfund sitja með fullum réttindum fulltrúar aðildarfélaganna kosnir á aðalfundum þeirra í leynilegri kosningu.

5.3. Fjöldi fulltrúa frá hverju félagi skal miðast við fjölda lögbýla á félagssvæðinu, sem hafa skráð greiðslumark í mjólk a.m.k. 5.000 lítra þann 1. janúar næstan á undan fundi, að viðbættum þeim fjölda, sem gengið hafa í félagið sem nautgripabændur en eru ekki handhafar greiðslumarks í mjólk. Fjöldi fulltrúa skal vera einn fyrir hverja þannig reiknaða 40 félagsaðila eða brot af þeirri tölu.

5.4. Stjórnarmenn og skoðunarmenn ásamt varamönnum þeirra hafa málfrelsi og tillögurétt á aðalfundi og er hann opinn til áheyrnar öllum félagsmönnum aðildarfélaganna.

5.5. Á dagskrá skal vera:

- a. Skýrslur stjórnar og nefnda um félagsstarfið og umræður um þær.

- b. Afgreiðsla reikninga fyrir næst liðið almanaksár.
- c. Tillögur og erindi til umræðu og afgreiðslu.
- d. Kosningar:
 - I. Kjör formanns til eins árs.
 - II. Kjör fjögurra meðstjórnenda og 1. og 2. varamanns til eins árs.
 - III. Kjör tveggja skoðunarmanna fyrir reikninga LK og eins til vara til eins árs.
 - IV. Kjör aðal- og varafulltrúa á Búnaðarþing til þriggja ára.
- e. Fjárhagsáætlun til næsta árs.
- f. Önnur mál.

5.6. Aðalfund skal boða á sannanlegan hátt með a.m.k. 14 daga fyrirvara til stjórna aðildarfélaganna. Aðalfundur er löglegur sé löglega til hans boðað.

6. gr.

Aukafund skal halda þyki stjórn LK sérstök nauðsyn bera til og jafnan þegar aðildarfélög, eitt eða fleiri, með samtals a.m.k. 1/4 félagatölu LK, óska þess, enda sé þá fundarefni tilgreint. Aukafund skal boða með minnst 7 daga fyrirvara. Um rétt til fundarsetu á aukafundum gilda sömu reglur og á aðalfundi.

7. gr.

- 7.1. Stjórn LK skipa fimm menn kosnir á aðalfundi leynilegri kosningu.
- 7.2. Formaður skal kosinn sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórn með sér verkum varaformanns, gjaldkera og ritara svo fljótt sem kostur er.
- 7.3. Heimilt er að skipa nefnd á aðalfundi til undirbúnings stjórnarkjörs, en gætt skal jöfnuðar milli landshluta við skipan hennar.

8. gr.

- 8.1. Hlutverk stjórnar er að annast málefni félagsins milli félagsfunda og sjá um að þau séu jafnan í sem bestu horfi. Hún ræður starfsfólk og veitir prókúru fyrir félagið.
- 8.2. Undirskriftir þriggja stjórnarmanna þarf til að skuldbinda félagið.

9. gr.

- 9.1. Formaður boðar til stjórnarfunda þegar ástæða þykir til og stjórnar þeim. Þó er honum skylt að boða fund ef tveir stjórnarmenn óska þess, enda sé þá fundarefnið tilgreint. Stjórnarfundur er lögmaður sé meirihluti stjórnar á fundi.
- 9.2. Stjórn LK skal halda gerðarbók og skal hver fundargerð staðfest með undirskrift þeirra stjórnarmanna sem fundinn sitja. Fundargerðir stjórnarfunda skulu sendar stjórnnum aðildarfélaganna eftir hvern fund.

10. gr.

Svo fljótt sem við verður komið eftir aðalfund hvers aðildarfélags skal stjórn þess senda LK aðildarskrá, ásamt skýrslu um störf félagsins á liðnu ári, upplýsingar um kosningar í stjórn og fulltrúa á fundi LK og annað sem máli kann að skipta.

11. gr.

Samþykktum þessum má aðeins breyta á aðalfundi eða aukafundi, sem boðaður er til þess sérstaklega. Tillögur þar um skulu kynntar stjórnnum aðildarfélaganna eigi síðar en með fundarboði. Ná þær því aðeins fram að ganga að meirihluti kjörinna fulltrúa greiði þeim atkvæði.

12. gr.

Leggist starfsemi LK niður og félaginu er slitið skulu eigur þess ganga til aðildarfélaganna í hlutfalli við félagatölu.

Samþykkt á aðalfundi LK 2001

Viðauki III - Átak í nautgripærækt 2002-2007

Stefnumörkun og framkvæmdaáætlun

A. Skilgreiningar

1. Forsendur

Átakinu er ætlað, samkvæmt erindisbréfi, að setja kraft í verkefni sem lúta að hámarksnýtingu, endingu og velferð íslensku kýrinnar við okkar aðstæður.

Átakið hefur til umráða 5 milljónir króna á ári í sjö ár, alls 35 milljónir.

Upplýsingar um stöðu þekkingar og færni liggja fyrir (RANNÍS skýrsla) sem og gögn um verkefni í nautgripærækt sem eru í gangi og verkefni sem talin eru aðkallandi.

2. Stefnumörkun

Átakinu er ætlað að vera hvati fyrir nautgripæræktina, miðla og bæta þekkingu, glæða áhuga á ræktun, fóðrun og aðbúnaði íslensku kýrinnar og stuðla þannig að framförum.

Átakinu verður beitt til að styðja vel afmörkuð og sýnileg rannsóknaverkefni. Fyrst og fremst hagnýtar rannsóknir sem tengjast kynbótum, fóðrun og aðbúnaði og almennt efnahagslegri afkomu í greininni.

Hluta fjármuna átaksins skal varið í að efla rannsóknatengt háskólanám í nautgripærækt með úthlutun verkefnastyrkja.

3. Átaksflokkar

Rannsóknir

- a. Tengdar kynbótum (15%)
- b. Tengdar umhverfisþáttum (45%)

Námsverkefnastyrkir (20%)

Önnur verkefni til eflingar nautgripæræktinni (20%)

4. Endurskoðun

Stefnumörkun Átaks í nautgripærækt skal endurskoðast árlega.

B. Framkvæmdaáætlun

1. Átaksflokkur I: Rannsóknir

1.1. Kynbótafræðilegar rannsóknir

Fjármagn í þessum flokki: 5.250.000,- á átakstímabilinu

1.1.1. Heildstætt ræktunarmarkmið fyrir íslenska kúastofninn:

Lýsing: Yfirfara og skilgreina langtíma ræktunartakmark fyrir íslenska kúastofninn. Skilgreina hvaða verkefni og breytingar á ræktunarstarfinu geta aukið erfðaframfarir frá því sem nú er. Skilgreining ræktunartakmarks með tilliti til framleiðslustýringarkerfis og þátta sem hafa áhrif á kostnað og verðmætamyndun í mjólkurframleiðslunni.

Þátttakendur: m.a. BÍ, Fagráð í nautgriparékt, Hagbjónusta landbúnaðarins, LBH og nemendaverkefni.

1.1.2. Lágmarkun skyldleikaaukningar í íslenska kúastofninum:

Lýsing: Þróaðar verða aðferðir til að lágmarka skyldleikaaukningu í íslenska kúastofninum samhliða hámarks erfðaframförum. Miklar erfðaframfarir eru mælanlegar í mörgum eiginleikum í íslenskri nautgriparékt. Greinilegt er að öflugri aðferðir við mat á kynbótagildi í seinni tíð (einstaklingslíkan) hafa breytt miklu í þeim eignum. Fylgifiskur öflugri úrvalsaðferða er hætta á auknum innbyrðis skyldleika í stofninum og þar með skyldleikarékt með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á breytileika og meðaltöl (skyldleikaræktarhnignun). Þetta atriði verður sérstaklega mikilvægt í íslenska stofninum sökum smæðar og algerrar erfðalegrar einangrunar. Mikil gróska er í grunnrannsóknum á þessu sviði nú um mundir sem gefur verkefninu aukinn þrótt.

Þátttakendur: m.a. BÍ, Fagráð í nautgriparékt, LBH og nemendaverkefni

1.2. Rannsóknir tengdar umhverfisþáttum

Fjármagn í þessum flokki: 15.750.000,- á áttakstímabilinu

1.2.1. Áhrif fóðrunar í geldstöðu og byrjun mjaltaskeiðs á afurðir, heilsufar og frjósemi:

Lýsing: Í þessu verkefni verður rannsakað hvaða áhrif mismikil kjarnfóðurgjöf í geldstöðu og mismunandi stígandi í kjarnfóðurgjöf í byrjun mjaltaskeiðs hefur á afurðir, heilsufar og frjósemi. Áhrif meðferða, sem eru fjórar, verða greind með eftirfarandi þáttum: holdstigun, líkamsþyngd, áti, nyt, efnasamsetningu mjólkur, efnaskiptaþversniði (metabolic profiles), lífsýni úr lifur og frjósemi.

Þátttakendur: m.a. RALA, LBH, nemendaverkefni

1.2.2. Hámarksafurðir af sumarreit:

Lýsing: Á undanförunum árum hafa engar beitartilraunir verið gerðar með mjólkurkúr hér á landi. Litlar upplýsingar eru til um hvaða þættir eru helst takmarkandi til að ná hámarksafurðum af sumarreit við íslenskar aðstæður. Átakið mun beinast að því að afla upplýsinga um þessa þætti, þar sem þeir eru líklegir til að skila miklum ávinningi fyrir bændur. Áhersla verður lögð á rannsóknir á mögulegri hámarksnyt af beit með hliðsjón af áhrifum mismunandi beitarstjórnunar, áhrifum uppeldis á beitargetu, áhrifum vals og viðbótarfóðurs með beit og á áhrifum mismunandi burðartíma.

Þátttakendur: *m.a. RALA, LBH, nemendaverkefni*

2. Átaksflokkur II: Styrkir til námsverkefna

Fjármagn í þessum flokki: 7.000.000,- á átakstímabilinu

Lýsing: Veittir verða námsstyrkir til skilgreindra verkefna nemenda í framhaldsnámi BSc, MSc og PhD sem tengjast nautgriparækt.

Styrkhæf verkefni eru:

a) þau sem tengjast eða eru hluti af átaksverkefnum sem fram koma í kafla 1

b) önnur námsverkefni í nautgriparækt sem fagráð í nautgriparækt mælir með Hámarksstyrkupp hæð er 250 þúsund vegna BSc verkefna og 500 þúsund vegna MSc og PhD verkefna. PhD verkefni geta þó í ákveðnum tilfellum hlotið hærri styrk ef umfang og mikilvægi verkefnisins telst þess eðlis.

Samið er við framleiðnisjóð landbúnaðarins að halda utan um umsóknarferlið í samvinnu við fagráð í nautgriparækt. Tryggt skal í samningi við stjórn Framleiðnisjóðs að styrkveitingar þessar skerði ekki á nokkurn hátt hlut nautgriparæktarinnar í þeim almennu námsstyrkjum sem í boði eru hjá sjóðnum enda er hér fyrst og fremst um útfærslu að ræða.

Þátttakendur: LBH og Fagráð í nautgriparækt

3. Átaksflokkur III: Önnur verkefni til eflingar nautgriparæktar á Íslandi

Fjármagn í þessum flokki: 7 milljónir á átakstímabilinu

3.1. Átak í gagnaöflun til kynbótastarfs

Lýsing: Gagnasöfnun er lykilatriði í kynbótastarfi nautgriparæktar rétt eins og annari búfjárrækt. Umfangsmikil gagnaöflun á sér stað hvað varðar hefðbundna framleiðslueiginleika enda hefur höfuðáherslan verið á þessa þætti. Nú er mun meira litið til annarra eiginleika eins og t.d. ýmissa útlits og heilsufarseiginleika. Breyttar áherslur hvað varðar ræktunartakmark hreinlega krefjast aukinnar gagnaöflunar til að viðunandi öryggi náist í úrvali.

Þátttakendur: Fagráð í nautgriparækt, BÍ, búnaðarsambönd, Yfirdýralæknisembættið og DÍ

3.2. Netvæðing gagnabanka nautgriparæktarinnar

Lýsing: Vinna er hafin á því að netvæða alla gagnabanka nautgriparæktarinnar þannig að bændur, ráðgjafar, dýralæknar, rannsóknafólk og aðrir geti haft beinan aðgang í öll þau gögn sem safnað er með auðveldum hætti. Samhliða þessu er unnið að nýjum ráðgjafalausnum fyrir bændur hvað varðar m.a. pörun (Nautaval).

Þátttakendur: BÍ, Fagráð í nautgriparækt, LK og DÍ.

3.3. Heilsugæsla á kúabúi:

Lýsing: Unnið að gerð kafla um heilsugæslu í gæðahandbók fyrir rekstur kúabús. Gæðahandbók tilraunabúsins á Stóra Ármóti verður lögð til grundvallar þessu starfi. Gæðahandbókin hefur að geyma gátlista, stefnumörkun og viðmiðunargerð, skipulagningu búrekstrar, aðferðir til að meta árangur og viðbragðsáætlanir. Verkefnið verður unnið á Stóra Ármóti og Hvanneyri auk tveggja einkarekinna búa.

Þátttakendur: RALA, LBH og BÍ.

3.4. Ræktunarvakning:

Lýsing: Veittir verða styrkir til eflingar ræktunaráhuga bænda með stuðningi við kúasýningar, áróðurs og kynningarefni til eflingar ræktunarstarfinu og endurgerð kennslubókar. Þetta verði gert með fjárhagsstuðningi við undirbúning árlegra kúasýninga, bæklingagerð til eflingar á kúasæðingum, útgáfu á kynningarefni til að kynna mikilvægi skýrsluhalds í nautgriparékt og endurnýjun kennslubókar í nautgriparékt.

3.4.1 Kúasýningar

Hámarksstyrkur á tímabilinu: kr. 1.000.000,-, hámark 200.000,- á ári.

3.4.2 Endurnýjun kennslubókar

Hámarksstyrkur á tímabilinu: kr. 1.000.000,-

3.4.3 Kynningarefni til eflingar ræktunarstarfsins

Hámarksstyrkur á tímabilinu: kr. 250.000,-

C. Vinnulag átaksnefndar í framhaldinu

Fagrað í nautgriparékt veitir umsagnir um styrki sem sóttir eru í fjármagn Átaksnefndarinnar og Framleiðnisjóður landbúnaðarins sér um afgreiðslu fjármagnsins. Afrit umsagna ofangreindra aðila skulu send öllum nefndarmönnum Átaksnefndarinnar.